


Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana

Könnun Þjóðskjalasafns
á skjalavörslu ríkisstofnana árið 2004



Formáli

Á undanförunum áratug hefur notkun tölvutækninnar í samskiptum vaxið með miklum hraða og tekið til æ fleiri þátta í samfélaginu. Tölvutækni var í öndverðu fyrst og fremst beitt við flókin og yfirgripsmikil verkefni sem leyst voru af stórum tölvum á þeirra tíma mælikvarða í sérstökum tölvumiðstöðvum. Þetta breyttist er einkatölvur ruddu sér til rúms og menn tóku að nota tölvur í stað ritvéla og hagnýta sér margvíslega kosti rafrænnar skjalagerðar. Svo hratt hefur tæknin þróast hvað snertir hugbúnað sem snýr að ritvinnslu, bókhaldi, gerð gagnagrunna og skráa að ákveðið hefur verið víða um heim að taka upp rafræna stjórnsýslu til þæginda og bættrar þjónustu við þegnana.

Varðveisla tölvutækra gagna hefur á hinn bóginn ekki þróast að sama skapi og mýmörg vandamál eru uppi um hvernig tryggja skuli framtíðaraðgengi að vitneskju sem varðveitt er á tölvutæku formi. Fyrst um sinn var þrautalendingin að varðveita afrit gagnanna á pappír en sú lausn er ekki viðunandi til lengdar og hafa skjalasöfn því víða hafið viðtöku rafrænna gagna sem varðveitt verða í rafrænu formi eingöngu.

Skýrsla sú sem hér birtist er þáttur í undirbúningi Þjóðskjalasafns Íslands að veita viðtöku rafrænum gögnum og varðveita þau með þeim hætti til framtíðar. Verða gögnin varðveitt óháð þeim hugbúnaði og vélbúnaði sem notaður var við gerð þeirra en við varðveisluna verður beitt aðferðum og tækni sem þróuð hefur verið í Statens Arkiver - Ríkisskjalasafni Danmerkur.

Skýrslan er gerð á grundvelli könnunar sem lögð var fyrir rúmlega þriðjung þeirra aðila á vegum ríkisins sem er skylt að skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafnsins. Er þar um að ræða embætti, stofnanir og fyrirtæki á vegum ríkisins. Gefur könnunin góða mynd af því hvaða gögn bíða afhendingar. Er þar átt við skjöl á rafrænu formi jafnt sem á pappírformi. Jafnframt eru niðurstöður hennar um þær aðgerðir sem eru nauðsynlegar forsendur þess að tekið verði við rafrænum gögnum. Á grundvelli skýrslunnar er því unnt að hefjast handa við undirbúning þess að veita rafrænum skjölum viðtöku á rafrænu formi sem eru nokkur tímamót í starfi Þjóðskjalasafnsins.

Þeim sem komu að gerð skýrslunnar er þakkað fyrir ágætt verk.

Ólafur Ásgeirsson
þjóðskjalavörður

Efnisyfirlit

Formáli	1
Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
Langtímavarsla rafrænna gagna á Norðurlöndum	3
Í fótspor Dana	3
Undirbúningur fyrir viðtöku rafrænna skjala í Þjóðskjalasafni Íslands	4
Könnun á skjalavörslu ríkisins 2004	5
Markmið og skipulag	5
Framkvæmd og þátttakendur	6
Svörun og úrvinnsla	7
2. Meginniðurstöður	8
3. Breytt starfsemi og aukin umsvif	10
4. Úrvinnsla könnunar. Greining á öllum svörum og niðurstöður	12
1 Skráning skjala/bréfa og rafræn skjalavörslukerfi	12
2 Tölvupóstur	20
3 Bókhalds- og launakerfi	23
4 Önnur rafræn skráning og gagnavinnsla (gagnagrunnar)	24
5 Almennar spurningar	32
6 Athugasemdir	36
Viðaukar:	
Nr. 1 Heildarniðurstöður flokkaðar eftir ráðuneytum	39
Nr. 2 Listi yfir þá sem könnunin náði til	53
Nr. 3 Send bréf	58

1. Inngangur

Áður en gerð verður grein fyrir könnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu ríkisstofnana er rétt að fjalla í stuttu máli um langtíma vörslu rafræna gagna á Norðurlöndum og aðstæðum hérlendis en þær eru bakgrunnur könnunarinnar.

Langtíma vörsla rafræna skjala á Norðurlöndum

Danir, Norðmenn og Svíar, eru komnir lengst Norðurlandþjóða í viðtöku og vörslu á rafrænum skjölum en fara nokkuð ólíkar leiðir, sem mótast af ólíkum hefðum í opinberri skjalavörslu, mismunandi lögum og pólitísku og menningarlegu umhverfi í hverju landi. Finnar eru að setja reglur á þessu sviði og eru undir áhrifum frá Svíum. Íslendingar og Færeyingar hafa ekki hafið móttöku rafræna gagna en ætla sér að feta í fótspor Dana. Grænlandingar fara að líkindum sömu leið en hafa lítið aðhafst enn. Hingað til hefur Þjóðskjalasafn Íslands metið hvort skráningarhluti skjalavörslukerfa, sem stofnanir hafa tekið í notkun, uppfylli almennar kröfur um skjalavörslu. Þær kröfur eru settar fram til að tryggja heimildar- og sönnunargildi skjala og skjalasafna hvort sem þau eru 10 ára gömul eða aldargömul. Sömu kröfur eru gerðar til rafræna skjala.

Danir, Norðmenn, Svíar og Finnar tóku á sínum tíma við segulböndum frá fyrstu tíð rafrænnar gagnavinnslu. Það var áður en settar voru reglur um með hvaða hætti skyldi geyma rafræn gögn. Engum slíkum böndum hefur verið skilað til Þjóðskjalasafns Íslands, en talsvert magn af þeim mun vera til, einkum hjá SKÝRR.

Í fótspor Dana

Danska ríkisskjalasafnið varð fyrst ríkisskjalasafna til að hefja skipulega móttöku rafræna gagna. Árið 1996 gaf það út reglur um rafræna gagnagrunna og um rafræn skjalavörslukerfi, aðgerðir þeirra og skipulag, auk reglna með tæknilegum skilgreiningum um hvernig skila beri rafrænum gögnum. Reglurnar hafa síðan verið endurskoðaðar, síðast árið 2002 og 2004.¹ Notendur skjalakerfa í Danmörku þurfa að fá samþykki ríkisskjalasafnsins fyrir því að taka tiltekið kerfi í notkun, þ.e.a.s. ríkisskjalasafnið metur hvort kerfið sem um ræðir stenst reglur skjalasafnsins um skjalavörslu almennt og hvort það hefur tiltekna virkni sem tryggir efnislega og tæknilega möguleika á skilum gagna úr kerfinu. Þjóðskjalasafn hefur sömu stöðu gagnvart afhendingarskyldum aðilum og þar kemur fram, þ.e. að leita þarf samþykkis hjá safninu um gerð bréfalykils og fleiri atriða áður en stofnun byrjar skjalavörslu sína eða breytir henni. Lagaumhverfi og skjalavörsluhefðir á Íslandi er af sögulegum ástæðum afar líkt því sem er í Danmörku.

Fyrir um tveimur árum settu dönsk stjórnvöld á laggirnar vinnuhóp til að semja kröfulýsingu (FESD) fyrir skjalavörslukerfi.² Markmið starfsins er að bæta kerfin með samræmdum kröfum um virkni og tæknilegar útfærslur. Þetta mun leiða til samræmdari skjalavörslu og tryggja betri skil á rafrænum gögnum og lýsigögnum. Augljóst er að samræmd vinnubrögð og vel skilgreind kerfi auðvelda langtíma vörslu gagnanna.

¹ Sjá: <http://www.sa.dk/sa/statamt/arklov/lovindex.htm> (Cirkulære nr. 24 af 8. marts 2002 om anmeldelse og godkendelse af elektroniske journaler og elektroniske dokumenthåndteringssystemer. - Cirkulære nr. 23 af 8. marts 2002 om anmeldelse af statslige myndigheders elektroniske registre (databaser). - Bekendtgørelse nr. 342 af 11. marts 2004 om arkiveringsversioner af bevaringsværdige data fra elektroniske arkivsystemer.)

² Sjá: www.e.gov.dk/fesd.

Undirbúningur fyrir viðtöku rafrænna skjala í Þjóðskjalasafni Íslands

Samkvæmt lögum nr. 66/1985 hefur Þjóðskjalasafn Íslands það hlutverk að taka við og varðveita skjalasöfn allra opinberra aðila, þar með talið skjalasöfn opinberra fyrirtækja. Þá hefur Þjóðskjalasafn það hlutverk að setja reglur um skjalavörslu opinberra aðila og leiðbeina þeim almennt á því sviði. Samkvæmt lögum tekur Þjóðskjalasafn við skjölum til langtímavörslu frá skilaaðilum þegar þau verða þrjátíu ára gömul. Langtímavarsla opinberra skjala hefur það markmið að tryggja réttindi þegna og stjórnvalda og tryggja varðveislu heimilda um sögu þjóðarinnar. Opinberum aðilum ber að skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafns á pappír en í nokkur ár hefur verið unnið að undirbúningi þess að hægt verði að taka við rafrænum gögnum til varðveislu.

Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnsýslunni, sem skipuð var af menntamálaráðherra í september 1997, skilaði álit í júlí árið eftir.³ Hún lagði til að Þjóðskjalasafn Íslands byggði á aðferðum Dana við móttöku og varðveislu tölvugagna til langtímavörslu. Síðan hefur með hléum verið unnið að því að þýða og staðfæra reglur danska ríkisskjalasafnsins. Á tímabili var unnið að þessu í samstarfi við fyrirtækið Hugvit með styrk frá RANNÍS.

Þjóðskjalasafn fékk árið 2001 aukið fé á fjárlögum til að vinna að framgangi langtímavarðveislu tölvugagna. Auk þess fékk safnið 6 m.kr. undir merkjum íslenska upplýsingasamfélagsins til sama verkefnis. Árið 2002 hækkaði fjárlagaramminn um 10 m.kr. vegna þessa. Fyrir þetta fé hafa verið ráðnir starfsmenn í 2,5 stöðugildi til að undirbúa hið nýja verkefni, þ.e. móttöku og langtímavörslu rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni.

Sú ákvörðun að nota reglur Dana kallar á að Þjóðskjalasafn eigi vísa tiltekna þjónustu og ráðgjöf danska ríkisskjalasafnsins. Umræður milli aðila um þetta hafa farið fram en tafist af ýmsum ástæðum. Danska ríkisskjalasafnið hefur fallist á að gera skriflegt samkomulag við Þjóðskjalasafn Íslands á þessu ári. Samningurinn mun fela í sér að Þjóðskjalasafn hefur ókeypis aðgang að reglum og forritum er varða rafræna skjalavörslu og aðgang að þjálfun og ráðgjöf samkvæmt gjaldskrá ríkisskjalasafnsins.

Undirbúningsstarf fyrir viðtöku rafrænna skjala og megininntak dönsku reglnanna hefur verið kynnt fyrir áhugasömum aðilum, svo sem Félagi um skjalastjórn og nokkrum framleiðendum eða seljendum skjalavörslulausna. Auk þess var stutt grein um málið rituð í tímaritið *Tölvumál* árið 2002.⁴

Tölvutækni hefur fleygt fram undanfarinn áratug og notkun tölva á öllum sviðum stjórnsýslunnar aukist, þar með talið við vinnslu og vörslu hvers konar gagna. Íslensk stjórnvöld hafa tekið mið af þessari þróun og markað sérstaka stefnu um framgang upplýsingatækni. Í nýjustu áætlun ríkisstjórnarinnar, *Auðlindir í allra þágu* (2004), er

³ Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnsýslunni. Skýrsla. Reykjavík 15. júlí 1998.

⁴ Eiríkur G. Guðmundsson: „Langtímavarðveisla rafrænna skjalasafna opinberra aðila.“ *Tölvumál*. Tímarit Skýrslutækni félags Íslands. Maí 2002, 1. tbl. 27. árg.

kveðið á um skipan nefndar um varðveislu rafræna gagna.⁵ Sumarið 2004 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að fjalla um lagaleg og tæknileg álitamál um langtímaavörslu rafræna gagna.

Greitt var fyrir rafrænni stjórnsýslu með breytingum á stjórnsýslulögum árið 2003⁶ og er það mikilvægt spor í átt til frekari hagnýtingar tölvutækni í stjórnsýslunni. Það er m.a. ljóst að sjálfvirkni í svörum og afgreiðslum í samskiptum hins opinbera og þegnanna fer vaxandi. Þar fær skjalamyndari ný verkefni við að henda reiður á og varðveita ákvarðanir sínar fyrir utan þau faglegu og tæknilegu úrlausnarefni sem fjölgun rafræna skjala hjá skjalamyndara kallar á. Sívaxandi magn rafræna gagna hjá opinberum aðilum kallar einnig á að fagleg þekking og réttur tæknibúnaður sé fyrir hendi hjá Þjóðskjalasafni Íslands sem taka mun rafræn gögn frá skilaskyldum aðilum til framtíðarvarðveislu.

Þjóðskjalasafnið ráðgerir tilraunaverkefni um móttöku tölvugagna frá tveimur ríkisstofnunum árið 2005. Í kjölfarið verður lokið við að móta reglur um skjalavörslukerfi, gagnagrunna og afhendingar á rafrænum gögnum. Móttaka rafræna gagna mun síðan geta hafist þegar safnið hefur fengið nauðsynlegan búnað og sérbúnar geymslur fyrir rafræn gögn.

Könnun á skjalavörslu ríkisins

Ákveðið var að kanna umfang og eðli rafrænnar skjala- og gagnavinnslu hins opinbera til að auðvelda mat á eðli og umfangi þeirrar nýju starfsemi sem Þjóðskjalasafnið þarf að byggja upp vegna langtímaavörslu rafræna gagna. Saminn var spurningalisti fyrir könnunina á árinu 2004 og hann sendur stofnunum, embættum og fyrirtækjum ríkisins. Unnið var úr niðurstöðum könnunarinnar á haustmánuðum sama ár og lokið við skýrsluna í apríl 2005.

Markmið og skipulag

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um skjalavörslu og gagnavinnslu hins opinbera og voru það einkum fjórir þættir sem reynt var að meta;

1. Ástand skjalavörslu almennt og skilapörf á pappírsgögnum.
2. Umfang og eðli rafrænnar skjalavörslu.
3. Umfang og eðli rafræna gagna, sem verða til í starfseminni, annarra en bréfa.
4. Umfang þeirra gagna sem líklega þarf að taka til langtímaavörðveislu.

Könnunin tók til fimm meginviða í vinnslu og vörslu skjala og annarra gagna. Auk þess var spurt um almenn atriði er varða skjalavörslu stofnana. Loks var liður fyrir athugasemdir svarenda. Könnunin skiptist í sjö hluta:

1. Almennar upplýsingar um skilaaðila (embætti/stofnun)
2. Skráning skjala og rafrænt skjalavörslukerfi/skjalastjórnarkerfi
3. Tölvupóstur

⁵ Auðlindir í allra þágu – stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007. Forsætisráðuneytið 2004, bls. 9.

⁶ Lög um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla). Samþ. á alþ. 10. mars 2003.

4. Bókhalds- og launakerfi
5. Önnur rafræn skráning og gagnavinnsla
6. Almenn atriði um skjalavörslu
7. Annað

Gerðar verða áætlanir um starfsemi Þjóðskjalasafns á umræddu sviði á grundvelli niðurstaðna könnunarinnar. Einnig munu áherslur Þjóðskjalasafns varðandi eftirlit, ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu hins opinbera verða endurskoðaðar á grundvelli þeirra upplýsinga sem niðurstöður könnunarinnar gáfu.

Ákveðið var að könnunin tæki ekki til sveitarfélaga á þessu stigi málsins, þar sem það hefði verið of umfangsmikið.

Framkvæmd og þátttakendur

Könnunin var skipulögð á vormánuðum 2004. Könnun sem danska ríkisskjalasafnið gerði árið 2000 var höfð til hliðsjónar og einnig könnun *Nefndar um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnáslunni* um varðveislu tölvugagna hjá 35 opinberum stofnunum og fyrirtækjum.⁷

Spurningalistinn var fyrst sendur til fjögurra aðila til prófunar. Þeir voru menntamálaráðuneytið, forsætisráðuneytið, Iðnlánasjóður og Vinnumálastofnun. Komu fram gagnlegar ábendingar sem tekið var mið af við endanlega gerð spurningalistans.

Til einföldunar við framkvæmd könnunarinnar var ákveðið að senda spurningalistann ekki til opinberra nefnda, ráða og sjóða, nema þar sem um viðamikla starfsemi er að ræða. Þá var könnunin frekar send á yfirstofnanir en undirstofnanir. Spurningalistarnir voru sendir stofnunum, embættum og fyrirtækjum ríkisins, alls 354 aðilum. Þess ber þó að geta að sú tala segir ekki til um endanlega tölu eða fjölda opinberra aðila í landinu.⁸

Þjóðskjalasafn fékk IMG Gallup til að sjá um tæknilega útfærslu könnunarinnar, senda út upplýsingar um hana, setja hana upp á vef og taka við svörum. Að lokinni könnun voru gögnin afhent Þjóðskjalasafni og þeim eytt hjá Gallup. Starfsmenn Gallup fá sérstakar þakkir fyrir lipra og góða þjónustu.

Í fyrstu atrennu var sent út bréf með skýringum og leiðbeiningum. Vefslóð könnunarinnar var send forstöðumönnum með tölvupósti nokkrum dögum síðar. Þrisvar var ítrekað með tölvupósti ósk um að könnuninni yrði svarað. Hringt var í allmargar stofnanir til að fylgja eftir.

⁷ Gerð er grein fyrir niðurstöðum í áður nefndri skýrslu. Könnunin náði til fárra aðila og er vart sambærileg við könnun Þjóðskjalasafns nú og því ekki ástæða til að víkja nánar að henni hér. Hún var þó athuguð við undirbúning þeirrar könnunar sem hér er fjallað um.

⁸ Upplýsingar um opinbera aðila eru ekki til á einum stað, þótt undarlegt kunni að virðast miðað við alla upplýsingamiðlun samtímans. Stuðst var við lista fjármálaráðuneytisins yfir forstöðumenn ríkisstofnana, fjárlög, lista heilbrigðisráðuneytis yfir heilbrigðisstofnanir, lista Háskóla Íslands yfir undirstofnanir sínar auk annarra gagna sem leitað var sérstaklega eftir. Þannig varð til listi yfir 550 skilaskilda aðila. Að auki má ætla að um 400 aðilar til viðbótar séu skyldir til að skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafns, beint eða í gegnum ráðuneyti eða aðra yfirstofnun. Má t.d. nefna 106 sóknarpresta og 15 prófesta Þjóðkirkjunnar. Ákveðið var að senda ekki nefndum, ráðum og sjóðum spurningalista nema þar sem starfsemi er veruleg. Könnunin var send til yfirstofnana þegar sjálfstæði undirstofnana var óljóst. Alls sendi Þjóðskjalasafn Íslands spurningarlistann 354 aðilum af um 950.

Spurningarnar voru sendar út 17. maí og svarfrestur gefinn til 28. maí. Svarfrestur var formlega framlengdur til 8. júní og síðasta áskorun um þátttöku var send forstöðumönnum 9. júní. Ákveðið var að hafa könnunina þó opna fram yfir sumarleyfi og komu síðustu svör inn í lok ágúst. Könnuninni var formlega lokið 1. september.

Svörun og úrvinnsla

Þegar meta skal hversu góð svörun var er rétt að hafa í huga að hér var ekki um skoðanakönnun að ræða, heldur var verið að leita eftir tilteknum upplýsingum um starfsemi opinberra aðila og byggir sú upplýsingaöflun á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafnsins gagnvart opinberri skjalavörslu í landinu. Svör bárust frá 253 aðilum og er það 71% svarhlutfall. Það gerir könnunina marktæka og er því ásættanlegt svarhlutfall. Þeim sem svöruðu er hér með þökkun þátttakan.

Nokkrar ástæður geta verið fyrir því að ekki var svarað. Upplýsingarnar sem notaðar voru við gerð útsendingarlista geta hafa verið rangar, enda erfitt að afla þeirra í sumum tilvikum. Dæmi munu vera um að könnun barst aldrei til forstöðumanns þar sem viðkomandi var nýlega tekinn til starfa og ekki var búið að uppfæra upplýsingarnar sem Þjóðskjalasafn vann eftir. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda þeirra sem spurðir voru og hver margir þeirra svöruðu, flokkað eftir ráðuneytum.

Yfirlit yfir fjölda spurðra stofnana og fjölda svarenda.

Ráðuneyti	Fjöldi spurðra	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Yfirstjórn	5	4	80,0%
Forsætisráðuneyti	4	3	75,0%
Menntamálaráðuneyti	81	61	75,3%
Utanríkisráðuneyti	24	19	79,2%
Landbúnaðarráðuneyti	13	7	53,8%
Sjávarútvegssráðuneyti	6	5	83,3%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	51	39	76,0%
Félagsmálaráðuneyti	15	14	93,3%
Heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti	90	51	57,0%
Fjármálaráðuneyti	26	19	73,1%
Samgönguráðuneyti	12	10	83,3%
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	15	12	80,0%
Hagstofa	1	1	100,0%
Umhverfissráðuneyti	11	8	72,7%
Alls	354	253	71,1%

Þess má geta að 221 af þeim 253 sem svöruðu könnuninni greindu frá hversu mörg stöðugildi eru hjá þeim. Þau reyndust alls vera 13.930 eða að meðaltali 63 hjá hverjum. Íslandspóstur hf. og Landssíminn hf. eru langfjölmennustu vinnustaðirnir með samanlagt 2249 stöðugildi. Séu þessir tveir aðilar teknir frá verður meðaltal stöðugilda 53. Starfsmenn ríkisins eru um 20.000⁹ og má nokkuð af því ráða hvert er umfang könnunarinnar.

⁹ <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/yfirlit/almennt/starfsm-stofnanir/> (Apríl 2005).

2. Meginniðurstöður

Úrvinnsla svara, greining og niðurstöður einstakra spurninga könnunarinnar er að finna í kafla 4. Hér verða hins vegar raktar helstu niðurstöður úr könnuninni og fjallað stuttlega um ástand og horfur í nútímaskjalavörslu hins opinbera í ljósi þeirra, sem og um þýðingu þeirra fyrir starfsemi Þjóðskjalasafns Íslands og aðstöðu og möguleika safnsins til að uppfylla hlutverk sitt á sviði varðveislu rafrænna gagna. Snertir það bæði húsnæðis- og starfsmannamál safnsins, sbr. kafla 3 hér á eftir.

- 1) Alls svöruðu 253 aðilar, ráðuneyti, embætti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins könnun Þjóðskjalasafns (2004) sem einkum fjallaði um rafræna skjala- og gagnavörslu. Svarhlutfall er því 71%. Könnunin var send 354 aðilum eða rúmlega þriðjungi skilaskyldra aðila ríkisins.
- 2) Það er grundvallaratriði í árangursríkri skjalavörslu að skrá skipulega upplýsingar um skjöl sem viðkomandi myndar eða fær send. Þetta gerir meirihluti skjalamyndara ríkisins (64%). Í ljós kom að um 40% gera það ekki þrátt fyrir skýr fyrirmæli laga um að stjórnvöldum sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt (sbr. 22. grein upplýsingalaga). Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að um 80% svarenda hafa ekki gert skjalavistunaráætlanir, þ.e. búið til heildarskipulag fyrir vörslu allra skjala og gagna frá móttöku þeirra eða myndun og þar til þau eru afhent Þjóðskjalasafni. Reglur og leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns mæla fyrir um skráningu skjala og gerð skjalavistunaráætlunar. Mikilvægt er að ríkisstofnanir geri slíkar áætlanir og skrái skjöl sín eftir heildarskipulagi. Aukið ráðgjafar- og eftirlitsstarf Þjóðskjalasafns skiptir sköpum til að knýja á stofnanir að framfylgja þessu.
- 3) Tæplega helmingur (46%) þeirra 253 skilaskyldu aðila sem svöruðu könnuninni hafa rafræn skjalavörslukerfi og má telja það góða stöðu. Það má því reikna með að nærri 60% ríkisstofnana þurfi að taka í notkun rafræn skjalavörslukerfi eigi rafræn stjórnsýsla að verða að veruleika. Þetta er líklega eitt brýnasta verkefnið á sviði upplýsingatækninnar sem stjórnvöld þurfa að vinna markvisst að.
- 4) Könnunin sýnir að nú eru allmargir (114) stórir skjalamyndarar ríkisins með rafræn skjalavörslukerfi og rafræn skjöl sem þarf að meta hvort og að hve miklu leyti hægt er að varðveita rafrænt. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að prenta þurfi út í einhverjum mæli rafræn skjöl sem nú eru til hjá opinberum aðilum. Þessi kerfi þarf að tilkynna formlega til Þjóðskjalasafns eftir að reglur um það verða gefnar út. Í kjölfar þess þarf að meta hvort kerfin uppfylli þær kröfur sem gerðar verða til þeirra. Gert er ráð fyrir að gögn úr nær öllum kerfum af þessu tagi verði tekin til rafrænnar varðveislu í framtíðinni.
- 5) Könnunin sýnir að magn rafrænna gagna er mest hjá þeim aðilum sem nú þegar nota tölvutæknina við myndun og vörslu skjala og annarra gagna, enda um að ræða

æðstu stjórnarsýsluna, ráðuneytin og helstu stofnanir þeirra. Þessi hluti hinnar opinberu stjórnarsýslu er kominn vel á veg á sviði rafrænnar skjalavörslu.

- 6) Niðurstöðurnar sýna að því fjölmennari sem stofnun, embætti, fyrirtæki er þeim mun meiri líkur eru á að rafræn skjala- og gagnavarsla sé í góðu horfi. Væntanlega þarf því að styðja við bakið á fámennum stofnunum ríkisins í þessum efnum.
- 7) Í ljós kom að 64% skjalamyndara ríkisins hafa rafræna gagnagrunna (gagnakerfi) vegna starf-semi sinnar. Alls er um að ræða 572 gagnagrunna hjá 161 stofnun. Að meðaltali eru því 3,6 gagnagrunnar hjá hverjum aðila. Skráning um 70% gagnagrunnanna byggir á lögum eða reglugerðum og líklega þýðir það að upplýsingarnar í þeim þarf að varðveita til frambúðar. Um 60% gagnagrunnanna eru samreknir¹⁰ og minnkar það væntanlega vinnu við afhendingu gagna úr þeim til Þjóðskjalasafns.
- 8) Könnunin snerist fyrst og fremst um rafræna hlið skjalavörslu ríkisins. En nokkrar spurningar um önnur atriði voru lagðar fyrir þátttakendur. Spurt var um hve margir hillumetrar af pappírsskjölum væru í skjalageymslum og reyndust vera tæpir 29 hillukílómetrar hjá 217 aðilum. Þar sem 139 aðilar svöruðu ekki þessu atriði verður að álykta að skjalamagnið sé í raun miklu meira. Þjóðskjalasafn verður því að vera í stakk búið til að taka við miklu magni pappírsskjala á næstu árum og áratugum. Nú eru rúmlega 30 hillukílómetrar í skjalageymslum Þjóðskjalasafns sem nú rúma ekki meira.
- 9) Ljóst er rafræn stjórnarsýsla kallar á mikla samvinnu milli Þjóðskjalasafns Íslands og opinberra aðila, til að tryggja samræmd vinnubrögð í rafrænni skjalavörslu hins opinbera og greiða fyrir afhendingu skilaskyldra gagna til Þjóðskjalasafns og öruggri varðveislu þeirra þar.
- 10) Nauðsynlegt er að endurskoða gildandi lög og reglugerð um Þjóðskjalasafn Íslands. Í fyrsta lagi til að bregðast við gerbreyttum aðstæðum í skjalavörslu og fjölþættari verkefnum safnsins. Í öðru lagi til að tryggja að reglur um rafræna skjalavörslu og rafræn skjalaskil hafi stoð í lögum. Auk þess er rétt að kanna hvort breyta þurfi öðrum lögum samtímis og í samræmi við breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn.

¹⁰ Átt er við að fleiri en einn aðili, jafnvel margir, noti sama miðlæga gagnagrunnskerfið.

3. Breytt starfsemi og aukin umsvif

Það sem hér er sett fram byggir aðallega á því sem rakið er í meginniðurstöðum hér á undan og á einkum við þær aðstæður sem skapast þegar reglur um langtíma vörslu rafræna gagna taka gildi.

Þjóðskjalasafn

- 1) Nýjar reglur um rafræna skjalavörslu og gagnakerfi munu þýða verulega aukna starfsemi hjá Þjóðskjalasafni vegna eftirfarandi atriða:
 1. Við skráningu á rafrænum skjala- og gagnakerfum.
 2. Við að meta hvort rafræn skjalavörslukerfi uppfylli kröfur skv. reglum.
 3. Við að meta hvort gögn skuli varðveitt eða grisjuð (eytt).
 4. Við undirbúning á móttöku rafræna gagna, prófun afhendinga og færslu þeirra á vörslumiðil.
 5. Við eftirlit og ráðgjöf við skjalaverði og tölvustarfsmenn hjá skjalamyndurum ríkisins.
 6. Við umsjón og viðhald tölvugagna í geymslum.
 7. Við að halda námskeið um reglurnar.
 8. Og um síðir þarf starfsfólk til að afgreiða úr rafrænum skjalasöfnum.
- 2) Fljótlega eftir að reglur um rafræn gagnakerfi opinberra aðila og skil gagna úr þeim eru settar mun Þjóðskjalasafn þurfa að hrinda þeim í framkvæmd. Með því hefjast þau störf sem tilgreind eru í lið 1 hér að ofan. Ætla má að á næstu 3-5 árum þurfi að taka við gagnaafhendingum úr flestum þeirra 114 skjalavörslukerfa sem könnunin veitti upplýsingar um að væru í notkun. Þá eru önnur kerfi ótalin. Væntanlegar reglur gera ráð fyrir að gögnum úr rafrænum skjalavörslukerfum sé skilað til Þjóðskjalasafns á fárra ára fresti (a.m.k. á 5 ára fresti og jafnvel oftar).

Svipað gildir um opinbera gagnagrunna. Þó er líklegt að tíðari skil verði á gagnagrunnum en skjalavörslukerfum til Þjóðskjalasafn, a.m.k. hvað varðar suma gagnagrunna. Á næstu 1-2 árum þarf að leggja áherslu á að stofnanir tilkynni Þjóðskjalasafni um gagnagrunna sína til skráningar. Í kjölfarið verður metið hverja skuli geyma til langframa. Gera má ráð fyrir að um þriðjungur gagnagrunna verði reglulega tekinn til varðveislu, sumir árlega.

- 3) Fjölga þarf starfsmönnum á Þjóðskjalasafni Íslands til að vinna ný störf við eftirlit og ráðgjöf til opinberra aðila um mál er varða rafræna skjala- og gagnavörslu og við móttöku rafræna gagna. Samkvæmt reynslu Dana getur vinna við mat, undirbúning afhendingar, afhendingu og prófun tekið allt að 150 klst. Hliðstæð tala fyrir hvern gagnagrunn sem skilað er er 45 klst.¹¹ Þá er eftir að áætla tíma sem fer í eftirlit og ráðgjöf. Á grundvelli þessara talna má áætla að það þurfi að minnsta kosti tvo nýja starfsmenn til þessara verkefna þegar á næsta ári og síðan tvo til þrjá á næstu tveimur til þremur árum þar á eftir.

¹¹ Sbr. Notat. Bevarings- og Kassationsafdelingen, 5. okt. 2004. Sent Þjóðskjalasafni í tölvupósti.

- 4) Bæta þarf aðbúnað og koma upp nýrri aðstöðu í Þjóðskjalasafni, og þá ekki síst vegna eftirfarandi atriða:
 1. Koma þarf upp aðstöðu til móttöku á rafrænum skjalaafhendingum.
 2. Koma þarf upp geymslu fyrir rafræna vörslumiðla.
 3. Útvega þarf tölvur og hugbúnað til prófunar á rafrænum gagnaafhendingum.
 4. Útvega þarf diskaskrifara, diskageymslur og harða diska.
- 5) Þjóðskjalasafn mun gera samkomulag við danska ríkisskjalasafnið á sviði langtíma-vörslu rafrænna skjala. Samkomulagið veitir Þjóðskjalasafni aðgang að tækni og þekkingu.¹² Gera þarf safninu mögulegt að vinna á grundvelli þess samkomulags. Auk þess munu starfsmenn Þjóðskjalasafns þurfa að sækja fræðslu víðar.
- 6) Ekki er hægt að reikna með minna álagi við pappírsskjalavörslu næstu árin, m.a. vegna þess að meira en helmingur skjalamyndara ríkisins er ekki búinn undir rafræna skjalavörslu. Víst er að skjöl verða bæði rafræn og á pappír um langt árabil. Þá eru útistandandi tugir hillukílómetra af pappírsskjölum hjá skilaskyldum aðilum frá síðustu árum og áratugum. Miðað við núverandi starfsmannafjölda og aðstæður má ætla að á næstu árum þurfi Þjóðskjalasafn að ráða til viðbótar 12-15 starfsmenn til að sinna afgreiðslu úr útistandandi skjalasöfnum eftir að þeim hefur verið skilað.¹³ Nauðsynlegt er að gera átak, með sérstöku fjármagni og áætlun, til þess að innheimta til Þjóðskjalasafns þá 11 hillukílómetra skjala, í úrtakinu, sem þegar eru afhendingarskyldir og eru í vörslu stofnana.

Skjalamyndarar ríkisins

- 7) Styrkja þarf þá opinberu aðila sem ekki hafa tekið upp rafræna skjalavörslu til þess og gera þeim kleift að ráða skjalaverði til starfa.
- 8) Hvetja þarf starfsmenn stofnana til að tilkynna skjalakerfi og gagnagrunna til Þjóðskjalasafns. Gera þarf ráð fyrir aukinni aðkeyptri sérfræðiaðstoð við að búa til afhendingarútgáfur af rafrænum skjölum og öðrum gögnum.
- 9) Gera þarf opinberum skjalavörðum mögulegt að sækja endurmenntunarnámskeið á sviði rafrænnar skjalavörslu.
- 10) Þrátt fyrir að skjalamyndarar afhendi rafræn skjöl sín til Þjóðskjalasafns þurfa þeir að eiga afrit af hinum afhentu gögnum meðan þau eru yngri en 30 ára, þ.e. þar til aðgangur er heimill að gögnunum á Þjóðskjalasafni. Það er á ábyrgð stjórnvalda að veita borgurunum aðgang að gögnum um þá þar til Þjóðskjalasafni ber að veita aðgang að þeim. Tryggja þarf góða skjalavörslu og gott gagnaöryggi hjá skjalamyndurum ríkisins vegna þessa.

¹² Nefnd skipuð af menntamálaráðherra lagði til að farið yrði í fótspor Dana og þeirra reglum fylgt. Á þeim grundvelli hefur verið sóst eftir samstarfi við danska ríkisskjalasafnið. Sjá Nefnd um varðveislu tölvugagna sem verða til í stjórnsýslunni. Skýrsla. Reykjavík 15. júlí 1998.

¹³ Er þá miðað við að hver starfsmaður afgreiði úr 2 hillukílómetrum pappírsskjala.

4. Úrvinnsla könnunar. Greining á öllum svörum og niðurstöður

1. Skráning skjala/bréfa og rafræn skjalavörslukerfi


A. Inngangur

Markmiðið með spurningum þessa hluta var að afla upplýsinga um skráningu og meðferð skjala/bréfa hjá ríkinu. Einkum var spurt um rafræna skráningu skjala í skjalavörslukerfum, m.a. til að fá mynd af vinnubrögðum, umfangi og fyrirkomulagi rafrænnar skráningar á skjölum/bréfum, sem viðkomandi stofnun, fyrirtæki eða embætti sendir frá sér eða fær sent í tengslum við starfsemi sína. Ekki var spurt um tölvupóst eða sértæka gagnavinnslu í þessum hluta en komið er að þeim þáttum í öðrum hlutum könnunarinnar.

B. Spurningar, svör og helstu niðurstöður

1.1. Eru skráðar upplýsingar um skjöl, hvort heldur pappírsskjöl eða rafræn skjöl?


Svar	Fjöldi	%
Já	162	64
Nei	91	36
Alls	253	100



Niðurstöður: Tæplega tveir þriðju þeirra sem svöruðu (64%) skrá upplýsingar um bréf. Þar á meðal eru ráðuneytin og helstu undirstofnanir. Athygli vekur hins vegar að 36% skrá ekki skjöl/bréf sín. Þar á meðal er 30 heilsu-, heilbrigðis- eða hjúkrunarstofnanir, 13 framhaldsskólar og 8 sýslumannsembætti. Ríkisútvarpið er stærsta stofnunin sem ekki skráir skjöl samkvæmt svörum þó augljóslega hljóti þar að vera margvísleg skráning gagna. Umhugsunarvert er að enn skuli vanta svo mikið upp á að opinberir aðilar eða embætti uppfylli tilskyldar reglur varðandi skráningu og skjalavörslu, sbr. 22. gr. upplýsingalaga, en þar er kveðið á um að stjórnvöldum sé skylt að skrá á kerfisbundinn hátt mál sem koma til meðferðar hjá þeim og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg.¹⁴

1.2. Eru upplýsingar um skjöl skráðar á pappír?

Svar	Fjöldi	%
Já	74	30
Nei	174	70
Alls	248	100




Sjá niðurstöður úr 1.3.

¹⁴ 12 aðilar svöruðu spurningu 1.1 neitandi en 1.2 eða 1.3 játandi. Sú leiðrétting er gerð hér að þessum 12 svörum hefur verið breytt úr nei-i í já á grundvelli svara í 1.2 og 1.3.

1.3.0. Eru upplýsingar um skjöl skráðar í tölvukerfi/skjalavörslukerfi?

Svar	Fjöldi	%
Já	114	46
Nei	134	54
Alls	248	100




Niðurstöður: Svör við spurningum 1.2. og 1.3. leiða í ljós að minnihluti þeirra sem svöruðu (30%) skráir upplýsingar um skjöl/bréf á pappír. Þegar svör við þessum spurningum voru borin nánar saman kom í ljós að hlutföllin á milli þeirra sem skráðu aðeins á pappír, þeirra sem skráðu aðeins í tölvukerfi og þeirra sem skráðu bæði á tölvu og pappír voru þessi: Helmingur skráir upplýsingar um bréf eingöngu í tölvukerfi, 25% skrá einvörðungu á pappír og 25% skrá bæði á pappír og tölvu og eru þannig með tvöfalda skráningu. Rafræn skráning hefur því í ríkum máli leyst hefðbundna skráningu á pappír af hólmi á undanförunum árum.¹⁵

Ef þessari spurningu var svarað játandi átti að svara næstu 12 spurningum og skýrir það fækkun svara hér á eftir.

1.3.1. Eru bréf/skjöl jafnframt samin í kerfinu?


Svar	Fjöldi	%
Já	82	73
Nei	30	27
Alls	112	100



Sjá niðurstöður úr 1.3.2.

1.3.2. Er innkomið efni skannað inn í kerfið að hluta eða í heild?

Svar	Fjöldi	%
Já	73	65
Nei	39	35
Alls	112	100



Niðurstöður: Nærri þrjú af hverjum fjórum, eða 73%, semja skjöl/bréf í því skjalavörslukerfi sem notað er hjá viðkomandi stofnun. Hvað skönnun viðkemur sést að hjá ríflega helmingi er efni skannað inn í kerfið að hluta eða í heild. Það sýnir að mönnum

¹⁵ Við athugun á svörum við spurningu 1.3 kemur í ljós að 13 aðilar svöruðu spurningu 1.3.0 játandi vegna misskilnings. Sú leiðrétting er gerð hér að þessum svörum hefur verið breytt úr já-i í nei og svör þeirra við 1.3 í heild sinni tekin út við úrvinnslu.

er hagræði að því að hafa efnið tiltækt stafrænt og sýnir jafnframt að rafræn skjalavarsla er að aukast.

Þegar svör við spurningu 2.1 *Eru upplýsingar um tölvupóst skráðar í skjalavörslukerfi eða í tengslum við það?* eru borin saman við þessar niðurstöður kemur í ljós að 74 (90%) af þeim 82 sem semja skjöl í skjalavörslukerfinu skrá tölvupóst sinn í kerfið.


1.3.3. Hvað heitir skjalavörslukerfið?

Niðurstöður: Spurningin er nokkuð opin og því reyndust svörin ekki jafn einsleit og vænst var. Það er því ekki hægt að setja fram nákvæmar tölur í töfluformi hér. Niðurstaðan er þó skýr. Af 114 aðilum sem svöruðu hafa um 100 skjalavörslukerfi byggð á Lotus Notes frá IBM. Hér er um að ræða GoPro frá Hugviti og Focal frá Hópinnukerfum. Hjá sumum stofnunum eru notaðar ýmsar aðrar gerðir skjalavörslukerfa eða heimasmiðuð kerfi. Það síðastnefnda á einkum við í smærri stofnunum.

Spurt var til að fá yfirlit yfir hvaða kerfi eru í notkun. Langtíma varðveisla rafrænna gagna miðast við að geyma upplýsingar úr kerfum kerfisóháð¹⁶. Segja má að því færri kerfi sem eru í notkun, þeim mun einfaldara verði að flytja stafræn gögn ríkisins í geymsluhæft form.

1.3.4. Er til handbók eða leiðbeiningar um notkun kerfisins?


Svar	Fjöldi	%
Já	81	74
Nei	29	26
Alls	110	100



Sjá niðurstöður úr 1.3.6.

1.3.5. eru þær leiðbeiningar til prentaðar með einum eða öðrum hætti?

Svar	Fjöldi	%
Já	82	76
Nei	26	24
Alls	108	100




Sjá niðurstöður úr 1.3.6.

¹⁶ Þ.e. að notkun gagnanna síðar sé óháð því í hvaða kerfi eða forriti þau voru búin til í eða geymd í.


1.3.6. Eru þær leiðbeiningar aðgengilegar í kerfinu fyrir notendur?

Svar	Fjöldi	%
Já	62	56
Nei	46	44
Alls	108	100



Niðurstöður: Af svörum við spurningu 1.3.4. sést að meirihluti svarenda (72%) hefur handbók um skjalavörslukerfið sem notað er. Svör við spurningum 1.3.5. og 1.3.6. sýna einnig að meirihlutinn (74%) hefur leiðbeiningar um notkun kerfanna á prenti. Nokkru færri eða 56% segja slíkar leiðbeiningar vera aðgengilegar í kerfinu fyrir notendur. Athugun leiddi í ljós að leiðbeiningar virðast fremur liggja fyrir þar sem stór kerfi eru notuð. Leiðbeiningar ættu að öllu jöfnu að tryggja markvissari notkun kerfanna og eiga því að vera til með öllum skjalavörslukerfum.

1.3.7. Hvenær var kerfið tekið í notkun í stofnuninni?



Niðurstöður: Greinilegt er að flestar stofnanir sem svöruðu fóru að taka rafræn kerfi í notkun frá og með árinu 1994. Um 90% kerfa sem eru í notkun eru frá því eftir 1994. Síðan hefur hægst á innleiðingu þessarar grunntækni rafrænnar stjórnsýslu.

1.3.8. Hver margir starfsmenn skrá í kerfið?

Niðurstöður: Spurt var til að fá sýn á innslátt gagna og notkun kerfisins og um leið meta öryggi upplýsinga sem skráðar eru í skjalavörslukerfin. Gott samræmi í innslætti og notkun kerfisins er afar mikilvægt. Alls svöruðu 115 þessari spurningu. Hjá 19 aðilum slær 1 starfsmaður upplýsingar inn í kerfið, hjá 14 aðilum sjá 2 starfsmenn um innslátt. Flestir skrá í kerfið hjá Landssímanum eða 372 af 1209 starfsmönnum. Hjá 30 stofnunum skrá allir inn í kerfið. Þar af eru flestir hjá ríkisskattstjóra eða 98. Það er því mjög mismunandi skipan á þessu og virðist það óháð því hversu mörg mál eru skráð árlega.

1.3.9. Hve mörg mál voru stofnuð í kerfinu árið 2003

Fjöldi mála	Fjöldi stofnana
0-100	10
101-1.000	38
1.001-10.000	24
10.001+	4
Svör alls	76

Niðurstöður: Hér bárust frekar fá svör (76) og bendir það til að ekki sé auðvelt að telja fjölda mála í kerfunum. Spurt var til að fá vísbendingar um umfang gagna í þeim kerfum sem eru í notkun. Samkvæmt svörum gat fjöldi skráðra mála árið 2003 verið á bilinu frá um tíu og upp í nokkra tugi þúsunda. Reynsla Dana er sú að ekki borgar sig að varðveita gögn með rafrænum hætti úr skjalavörslukerfum sem í eru skráð 100 mál eða færri á ári. Í þeim tilvikum eru gögn varðveitt á pappír. Ef þeirri viðmiðun væri beitt falla 10 stofnanir eða 13% í þann flokk. Ráðuneytin eru meðal stærstu skjalamyndara ríkisins eins og sést á töflunni hér að neðan en þó eru þrír aðilar sem tilgreina fleiri skráð mál árið 2003 og eru það Íbúðalánasjóður, Skattstofan í Reykjavík og Fasteignamat ríkisins með 12.600-16.400 mál.

Skjalamyndari/stjórnvald	Fjöldi mála 2003	Starfsmenn	Mál pr. starfsm.
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	4.994	35	143
Menntamálaráðuneytið	4.871	77	63
Utanríkisráðuneytið	4.224	80	53
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	3.631	45	81
Umhverfissráðuneytið	2.050	30	68
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið	1.443	29	50
Fjármálaráðuneytið	1.425	70	20
Sjávarútvegsráðuneytið	1.278	22	58
Samgönguráðuneytið	1.257	22	57
Félagsmálaráðuneytið	917	30	31
Forsætisráðuneytið	695	24	29
Landbúnaðarráðuneytið	184	24	8
Meðaltöl	2.247	42	55

1.3.10. Hve mörg mál hafa verið stofnuð í kerfinu frá því það var tekið í notkun?

Fjöldi mála	Fjöldi stofnana
0-100	2
101-1.000	21
1.001-10.000	32
10.001-100.000	20
Svör alls	75

Niðurstöður: Þessi spurning er eins og spurning 1.3.9. til þess að afla upplýsinga um umfang gagna í skjalavörslukerfum. Núverandi fyrirkomulag miðar við að rafræn skjöl séu prentuð og skilað þannig til Þjóðskjalasafns. Því stærri að umfangi eða fjölda sem rafræn skjöl eru orðin þeim mun fyrirhafnarsamari verða skil á pappír fyrir viðkomandi stofnun. Fýsilegt væri að reyna eftir fönngum rafræn skil gagna úr núverandi kerfum. Slíkt verður að meta í hverju tilviki fyrir sig og verður þá tekið tillit til hvort skráning og högun gagna sé fullnægjandi.

Samkvæmt svörum var fjöldi skráðra mála í kerfum frá því þau voru tekin í notkun frá nokkrum hundruðum og upp í yfir 60.000 mál. Í töflunni hér að neðan eru birtar tölur yfir ráðuneytin eins og í 1.3.9. Þau eru með svipaða aðferð við skjalavörslu, álíka gömul kerfi og því sambærileg. Með fleiri mál (45.000-70.000) voru t.d. Lögbirtingablaðið/ Stjórnartíðindi, Einkaleyfastofa, Skattstofan í Reykjavík og Ríkisskattstjóri.

Skjalamyndari/stjórnvald	Fjöldi mála alls	Kerfi gangsett	Mál á ári
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	46.521	1994	4.652
Menntamálaráðuneyti	43.586	1994	4.359
Utánríkisráðuneyt	41.176	1997	5.882
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	26.420	1996	3.302
Umhverfissráðuneyti	26.158	1995	2.906
Landbúnaðarráðuneyti	14.250	1997	2.036
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	13.315	1995	1.479
Fjármálaráðuneyti	12.904	1997	1.843
Sjávarútvegssráðuneyti	12.620	1995	1.402
Samgönguráðuneyti	11.888	1995	1.321
Félagsmálaráðuneyti	9.656	1995	1.073
Forsætisráðuneyti	4.012	1996	501
Meðaltöl	21.876		2.563

1.3.11. Hve margar færslur voru skráðar í kerfið árið 2003? (Færsla er skráning skjals sem tengist tilteknu erindi.)

Fjöldi færslna	Fjöldi stofnana
0-100	3
101-1.000	15
1.001-10.000	38
10.001-100.000	16
100.001 +	1
Svör alls	73

Niðurstöður: Spurningin er af sama toga og tvær fyrri spurningar. Ekki eru alltaf skráð mál og þess vegna var spurt um færslur til að fá hugmynd um stærð eða umfang skráningar í kerfi þetta tiltekna ár. Svör við þessu voru mjög misjöfn sem endurspeglar fyrst og fremst fjölbreytileika og misjafnt umfang þeirrar starfsemi sem opinberar stofnanir og embætti fara með. Færslur sem skráðar voru í kerfum opinberra aðila árið 2003, voru allt frá nokkrum tugum og upp í ríflega hundruð þúsund. Íbúðalánasjóður tilgeindi langflestar færslur, 102.000.

1.3.12. Hve margar færslur hafa verið skráðar í kerfið frá því það var tekið í notkun?

Fjöldi mála	Fjöldi stofnana
0-1.000	4
1.001-10.000	29
10.001-100.000	33
100.001+	11
Svör alls	77

Niðurstöður: Fjöldi færslna, sem skráðar voru í kerfum opinberra aðila frá því þau voru tekin í notkun, var á bilinu frá nokkrum hundruðum upp í nokkur hundruð þúsund. Munurinn á fjölda færslna frá upphafi og árið 2003 er í raun ekki mikill og sýnir hve stutt er síðan rafræn skráning hófst.

C. Samantekt

Svör við spurningum í fyrsta hluta könnunarinnar gefa þá jákvæðu niðurstöðu að meirihluti skjalamyndara ríkisins (62%) skráir skjöl/bréf. Betur má þó ef duga skal því að sjálfsögðu eiga allar ríkisstofnanir að uppfylla 22. grein upplýsingalaga, sem kveður á um að stjórnvöldum sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg. Hin rafræna skráning skjala hefur á undanförunum tíu árum að miklu leyti komið í stað hefðbundinnar skráningar á pappír og mun í auknum mæli leysa hana af hólmi á næstu árum.

Þá leiða svör í ljós að tæpur helmingur ríkisstofnana er með rafræn skjalavörslukerfi. Flestar tóku þau í notkun á árunum 1995 til 2000. Síðan hefur hægst nokkuð á innleiðingu þessarar grunntækni sem er forsenda allrar rafrænnar stjórnsýslu. Það leiðir hugann að því hvenær sá helmingur svarenda sem ekki er með rafræn skjalavörslukerfi tekur þau í notkun? Vonast má eftir því að breyting verði á því þegar Þjóðskjalasafn getur farið að taka rafræn skjöl til langtímavörslu.

Margt bendir til þess að notkun rafrænna skjalavörslukerfa styrki almennt markviss vinnubrögð í skjalavörslu og bæti skráningu skjala. Sem dæmi má nefna að þeir sem semja skjöl í skjalavörslukerfum eru líklegri til þess að skrá upplýsingar um tölvupóst sinn í kerfið.

Mikilvægt er að opinberir aðilar gæti að því að rafræn skjalavarsla sé framkvæmd samkvæmt reglum og faglegu skipulagi, líkt og krafist er varðandi vörslu skjala á pappír, sbr. lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, 6. gr. þar sem m.a. er kveðið á um að ný skjalavistunarkerfi skuli samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun. Undanfarin ár hefur ríkisstjórn Íslands hvatt til aukinnar notkunar upplýsingatækni í samfélaginu og ekki síst á sviði stjórnsýslu. Í skýrslu frá 2004, *Auðlindir í allra þágu, stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007*, er sagt til um stofnun nefndar um varðveislu rafrænna gagna. Mun starf nefndarinnar örugglega styrkja langtímavörslu rafrænna gagna hjá opinberum skjalamyndurum og Þjóðskjalasafni.

2. Tölvupóstur


A. Inngangur

Í þessum hluta könnunarinnar var spurt um meðferð tölvupósts til að afla upplýsinga um þann tölvupóst ríkisstofnana sem inniheldur erindi eða snertir meðferð mála og ákvarðanir. Markmiðið var að kanna hvort þess væri gætt að um slíkan tölvupóst gildi sömu reglur og gilda um aðsend og útsend bréf á pappír. Spurt var um skráningu og meðferð tölvupósts í skjalavörslu opinberra aðila. Spurningarnar beindust einvörðungu að tölvupósti sem lýtur að starfsemi og verkefnum viðkomandi opinbers aðila (stofnunar, fyrirtækis, embættis). Hér var ekki spurt um meðferð tölvupósts vegna einkaerinda, enda heyrir slíkur póstur ekki undir reglur um skjalavörslu hins opinbera.

B. Spurningar, svör og helstu niðurstöður

2.1. eru upplýsingar um tölvupóst skráðar í skjalavörslukerfi eða í tengslum við það?


Svar	Fjöldi	%
Já	89	36
Nei	158	64
Alls	247	100



Sjá niðurstöður úr 2.2.

2.2. Er tölvupóstur vistaður rafrænt í skjalavörslukerfi eða í tengslum við það?


Svar	Fjöldi	%
Já	93	38
Nei	153	62
Alls	246	100



Niðurstöður: Af svörum við spurningum 2.1. og 2.2. sést að rúmur helmingur (62%) svarenda hvorki skráir né vistar tölvupóst í skjalavörslukerfi. Með samanburði við svör við spurningu 1.3. sést að tölvupóstur er ekki í jafnríkum mæli skráður og varðveittur og pappírskjöl, sem vænta mátti. Þær reglur sem gilda um skjalavörslu hjá opinberum aðilum ná ekki eins vel til tölvupósts. Með samanburði við svör við spurningum 1.3.1 og 1.3.2 sést að þeir skjalamyndarar sem hafa rafræn skjalavörslukerfi eru líklegri til að varðveita tölvupóst skipulega.

2.3. Eru upplýsingar um tölvupóst skráðar á pappír?


Svar	Fjöldi	%
Já	23	9
Nei	223	91
Alls	246	100



Niðurstöður: Yfirgnæfandi meirihluti eða 91% svarenda skráir ekki upplýsingar um tölvupóst á pappír. Spurt var sérstaklega um þetta atriði til að draga athygli að því að þótt um rafræn gögn sé að ræða útilokar það ekki að upplýsingar um þau séu skráðar á pappír. Með því að bera saman svör við spurningum 2.1. og 2.3. sést að 43% svarenda skrá tölvupóst yfirleitt, hvort sem er á pappír eða rafrænt. Sjá einnig niðurstöður við spurningu 2.5.

2.4. Er tölvupóstur prentaður á pappír og varðveittur þannig?


Svar	Fjöldi	%
Já	119	48
Nei	127	52
Alls	246	100



Niðurstöður: Tæpur helmingur svarenda (48%) prentar tölvupóst. Þessi niðurstaða ásamt niðurstöðum úr svörum við spurningum 2.1., 2.2., og 2.3. bendir til að tölvupóstur sé skipulega skráður prentaður og varðveittur hjá um helmingi þeirra sem svöruðu könnuninni. Æskileg niðurstaða hefði verið að hærra hlutfall svarenda hefði svarað þessum spurningum játandi og sýnir að huga þarf að því að tryggja betur vörslu tölvupósts sem varðar starfsemi viðkomandi aðila.

2.5. Er tölvupóstur varðveittur sem rafrænt skjal hjá viðkomandi starfsmanni?


Svar	Fjöldi	%
Já	152	63
Nei	90	37
Alls	242	100



Niðurstöður: Hjá ríflega helmingi (63%) svarenda er tölvupóstur varðveittur hjá viðkomandi starfsmanni. Þessi staðreynd bendir til þess að þar með falli skráning og varðveisla tölvupósts að mestu utan almennrar skráningar og vörslu skjala.

2.6. Eru til skráðar reglur um meðferð og flokkun tölvupósts?

Svar	Fjöldi	%
Já	56	23
Nei	188	77
Alls	244	100



Niðurstöður: Svör sýna að skráðar reglur um meðferð og flokkun tölvupósts skortir almennt hjá embættum og stofnunum ríkisins. Einungis um fjórðungur svarenda segist hafa slíkar reglur. Dæmi eru um að þeir sem hafa reglur um tölvupóst hvorki skrái upplýsingar um póstinn né prenti hann út til varðveislu, enda algengast að tölvupóstur sé í pósthólfi viðkomandi starfsmanns, sbr. 2.5.

C. Samantekt

Svör við spurningum um tölvupóst sýna m.a. að rúmur helmingur svarenda hvorki skráir né vistar í skjalavörslukerfi þann tölvupóst, sem viðkemur hlutverki eða starfsemi viðkomandi stofnunar, og enn færri hafa sérstakar skráðar reglur um flokkun og meðferð tölvupósts. Tölvupóstur er því almennt víða ekki meðhöndlaður með sama hætti og hefðbundin bréf.

Hjá um 63% svarenda er tölvupóstur varðveittur í pósthólfum starfsmanna. Þar með virðast meiri líkur á að skráning og varðveisla tölvupósts falli utan almennrar skráningar og vörslu skjala. Mikilvægt er að opinberir aðilar hafi að leiðarljósi að sömu reglur gilda um skráningu tölvupósts, sem snertir starfsemi og hlutverk viðkomandi aðila, og gilda um skráningu hefðbundinna bréfa. Ef fastmótaðar vinnureglur um meðferð og skráningu tölvupósts skortir er hætt við að tölvubréf glatist með tilheyrandi upplýsingum.

3. Bókhalds- og launakerfi


A. Inngangur

Í þessum hluta könnunarinnar var spurt um bókhalds- og launakerfi. Tilgangurinn var einkum að fá fram hve algengt er að notuð séu önnur kerfi en bókhalds- og launakerfi ríkisins og þar með hvort þörf er á að huga betur að langtímaröðveislu gagna þeirra aðila. Eins og málum er nú háttáð eru bókhaldsgögn ríkisins varðveitt en stofnanir fá jafnan heimild til grisjunar á þessum gögnum að uppfylltum lögum um bókhald.

B. Spurningar og svör

3.1. Er bókhald fært í bókhaldskerfi ríkisins (Oracle/Bár)? Ef ekki hvaða kerfi er þá


Svar	Fjöldi	%
Já	193	79
Nei	52	21
Alls	245	100



Niðurstaða: Mikill meirihluti þeirra sem svöruðu notar bókhaldskerfi ríkisins eða 79%. Helmingur hinna 52 (21%) notar Navisionkerfi, eða 25 alls. Þeir sem eftir eru nota ýmis kerfi eða alls 11.

3.2. Er notast við launakerfi ríkisins (Oracle mannaúður)? Ef ekki hvaða kerfi er þá notað?

Svar	Fjöldi	%
Já	171	72
Nei	65	28
Alls	236	100



Niðurstaða: Meirihluti þeirra sem svöruðu, eða 72%, notar launakerfi ríkisins, þar af nota 13 gamla kerfið BÁR. Aðrir nota 10 mismunandi kerfi. Algengast þeirra er kerfið H-laun en 31 aðili notar það, einkum heilbrigðisstofnanir.

C. Samantekt

Meirihluti, eða 70-80% skjalamyndara ríkisins, notar samhæfð og miðstýrð kerfi ríkisins til vinnslu bókhaldsgagna og við launaafgreiðslu. Slíkt einfaldar vinnu við undirbúning gagna til langtímaröðveislu í Þjóðskjalasafni.

Það flækir hins vegar málin og eykur kostnað að 20-30% opinberra aðila nota önnur kerfi til þessarar vinnslu. Til þess að taka ákvörðun um hvort og hvernig taka skal gögn úr þessum kerfum til langtímaröðveislu þarf að meta hvernig gagnavörslu er háttáð í þeim og hvaða gögnum úr kerfunum er skilað til ríkisbókhalds.

4. Önnur rafræn skráning og gagnavinnsla

A. Inngangur

Í þessum hluta er sjónum beint að rafrænni skráningu og gagnavinnslu annarri en þeirri sem tengist almennri skjalavörslu og bókhalds- og launafærslum. Hér er oft um að ræða viðamikla rafræna skráningu í tengslum við meginverkefni aðila og þar er jafnan um að ræða mikilvæg gögn. Þessi skráning og vinnsla er jafnan í gagnagrunnum af ýmsu tagi. Spurt var um helstu gagnagrunna (gagnakerfi). Einfaldar skrár eins og starfsmannalista og póstlista átti ekki að telja með. Spurningarnar miðuðu að því að draga fram upplýsingar sem auðvelda mat á því hversu líklegt sé að varðveita þurfi gögnin sem eru í kerfunum, hvert sé öryggi gagnanna, hversu oft þeim er breytt og hversu umfangsmikil vinna við langtímarvarðveislu þessara gagna verður.

Aðilar áttu að tilgreina öll helstu gagnakerfi sem notuð eru og svara 15 spurningum um hvert þeirra. Að hámarki var hægt að tilgreina 16 kerfi og gerðu fjórir aðilar það. Ekki var alltaf öllum spurningum svarað fyrir öll kerfi. Ýmsar skýringar geta verið á því. Einhverjum hefur fundist spurningin ekki eiga við. En svarleysi getur líka bent til ónógrar þekkingar á gagnakerfunum. Það skal tekið fram að gagnagrunnar Hagstofu Íslands eru ekki með í þessari úttekt. Gagnavinnsla þeirrar stofnunar er svo umfangsmikil og af því tagi að skoða verður hana sérstaklega. Þar er t.d. áberandi söfnun upplýsinga frá öðrum stofnunum.


B. Spurningar og svör

4.1. Hvaða gagnagrunnar/gagnakerfi eru notuð?

Mikil fjölbreytni er í gerðum þeirra kerfa sem notuð eru. Alls svaraði 161 aðili þessari spurningu eða 64% þeirra sem svöruðu könnuninni. Alls nefndu þeir 572 kerfi eða 3,6 kerfi að meðaltali. Það kerfi sem oftast var nefnt er sjúkraskrárkerfið Saga sem tilgreint er hjá 30 svarendum. Þegar rýnt er í svör embætta og stofnana með sömu starfsemi sést að ekki nefna allir öll sömu kerfin. Virðast sumir ekki nýta sér kerfi sem standa til boða. Sjá jafnframt svör við spurningu 4.4. þar sem spurt var hvort fleiri en ein stofnun sé að nota kerfið.

4.2. Byggir skráning á lögum/reglugerð?


Svar	Fjöldi	%
Já	371	69
Nei	164	31
Alls	535	100



Niðurstaða: Skráning í 371 (69%) gagnagrunni byggir á lögum eða reglugerðum sem gilda um starfsemina. Hér var spurt til að fá að vita hvort upplýsingarnar séu mikilvægar og snerti meginstarfsemina og auki líkindi á því að varðveita eigi gögnin til frambúðar. Auk laga um starfsemi aðila þarf að huga að því hvort önnur lög hafi áhrif á vörslu gagna í bráð og lengd, s.s. stjórnisýslulög, upplýsingalög og lög um Þjóðskjalasafn Íslands. Þriðjungur grunna byggir ekki á lögum eða reglugerðum og því þarf sérstaka athugun á þeim til að meta hvort varðveita eigi gögnin til langs tíma í Þjóðskjalasafni. Sjá einnig spurningu 4.14, þar sem spurt er hvort eigi að varðveita upplýsingar í kerfinu til langframa.

4.3. Hófst skráningin fyrir meira en 5 árum?


Svar	Fjöldi	%
Já	326	62
Nei	197	38
Alls	523	100



Niðurstaða: Skráning hófst fyrir meira en 5 árum í 326 gagnagrunnum eða í 62% þeirra grunna sem í notkun eru. Hér var spurt til að meta aldur gagna. En í reglum sem Þjóðskjalasafn undirbýr um þessar mundir er miðað við að gögnum sé skilað í síðasta lagi 5 ára gömlum. Ástæða þess að afhenda þarf rafræn gögn til langtímavarðveislu svo stuttu eftir að þau urðu til (miðað við 30 ára skilaskyldu pappírsgagna) er einkum sú að þeim er hætt við breytingum. Breytingar verða einkum vegna breytinga á hugbúnaði, gagnaflutnings, bilana í búnaði og mannlegra mistaka. Gögnin geta því breyst, úrelst eða glatast á ýmsa vegu og getur það tafið eða komið í veg fyrir langtíma vörslu þeirra.

4.4. Nota aðrar stofnanir kerfið líka?


Svar	Fjöldi	%
Já	308	59
Nei	213	41
Alls	521	100



Niðurstaða: 308 (59%) gagnagrunnskerfanna eru einnig notuð af annarri stofnun. Hér má nefna að sýslumannsembættin 25 hafa tök á að nota vel á annan tug kerfa. Samnýting kerfa þýðir að sömu tækni er beitt á gögn frá mörgum skilaaðilum. Þetta ætti að einfalda úttektir á kerfum, mat á þeim og gögnum úr þeim. Þá bendir samnýting til þess að kerfin séu miðlæg eða gögnin í þeim séu vistuð miðlægt. Huga þarf að því hvort hægt sé að taka gögn til langtíma vörslu, frá hverjum og einum skilaaðila úr hinni miðlægu gagnageymslu. Hagræði væri að því. Flest kerfi sem sýslumenn, dómstólar, heilbrigðiskerfið og framhaldsskólarnir nota eru samnýtt.

4.5. Er slegið inn eftir pappírsgögnum?


Svar	Fjöldi	%
Já	363	70
Nei	156	30
Alls	519	100



Niðurstaða: 363 (70%) kerfi innihalda gögn sem slegin eru inn eftir pappírsgögnum og er pappírsgögnum sjaldnast hent eftir innslátt eða einungis í 48 (10%) tilfellum, skv. svörum við spurningu 4.6. Þessar upplýsingar geta haft áhrif á með hvaða hætti (hvort og í hve miklum mæli) umrædd rafræn gögn verða varðveitt til framtíðar. Verið getur að varðveisla á pappír sé hentugri eða ódýrari í einhverjum tilvikum. Reikna má með því að þegar fram líða stundir verði rafræn gögn úr opinberum gagnakerfum nær eingöngu geymd rafræn. Sjá einnig umfjöllun á svörum við spurningum 4.8 og 4.11.

4.6. Er pappírsgögnum hent eftir innslátt?


Svar	Fjöldi	%
Já	48	10
Nei	422	90
Alls	470	100



Niðurstaða: Í afar fáum tilvikum (10%) er pappírsgögnum hent eftir innslátt. Það er eðlilegt í ljósi þess að ekki hefur enn verið heimilað að skila rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns. Sjá jafnframt svar 4.5.

4.7. Koma upplýsingar úr öðru kerfi?


Svar	Fjöldi	%
Já	241	46
Nei	280	54
Alls	521	100



Niðurstaða: Hér er dregið fram hversu algengt er að gögn séu flutt úr einu kerfi í annað. Tæplega helmingur kerfanna inniheldur gögn sem koma úr öðru kerfi. Það vekur spurningar um hvort verið sé að varðveita sömu upplýsingar tvisvar og hvort hugsanlega eigi að varðveita sömu upplýsingarnar úr fleiri en einu kerfi. Eru hinar sameiginlegu upplýsingar í ólíku samhengi í kerfunum?

4.8. Eru upplýsingarnar líka til á pappír?

Svar	Fjöldi	%
Já	348	69
Nei	153	31
Alls	501	100




Niðurstaða: Gögn úr 348 (69%) gagnagrunnanna eru líka til á pappír. Þessar upplýsingar aðstoða við að meta hversu auðvelt verður að geyma gögnin á pappír eins og núverandi reglur kveða á um. Það getur verið fýsilegt að grípa til þess að varðveita gögn á pappír ef það reynist tæknilega flókið og dýrt að taka hin rafrænu gögn út úr kerfunum eins og þau eru nú. Eftir að reglur um gagnaafhengingar hafa verið settar má gera ráð fyrir að laga þurfi gagnakerfin að þeim í einhverjum mæli.

Þá þarf hugsanlega að meta hvort þörf er á að hafa gögn í einhverjum tilvikum bæði á pappír og rafrænt.

4.9. Tekur kerfið við af eldra rafrænu kerfi?


Svar	Fjöldi	%
Já	196	38
Nei	322	62
Alls	518	100



Niðurstaða: Sjá 4.10.

4.10. Voru gögn úr eldra kerfi færð í það nýja?


Svar	Fjöldi	%
Já	172	35
Nei	317	65
Alls	489	100



Niðurstaða: Svör við spurningum 4.9 og 4.10 sýna að minnihluti kerfa, 196 (38%), tekur við af eldra rafrænu kerfi. Flest kerfin (60%) virðist því vera annað hvort nýleg eða þá lífseig. Með þessum spurningum (4.9 og 4.10) er einkum verið að meta líkur á því að til séu gömul rafræn gögn í eldri kerfum eða á geymslumiðlum. Svör við spurningu 4.10 sýna að gögn voru færð yfir í núverandi kerfi úr eldra kerfi í 172 tilvikum (35%). Samanburður á svörum í 4.9 og 4.10 virðist sýna að gögn voru ekki færð milli kerfa í 24 tilvikum. Huga þarf að því hvort og hvernig upplýsingar úr gömlum kerfum, sem ekki voru flutt í ný, skuli varðveittar.

4.11. eru gögnin geymd í vensluðum gagnagrunni?


Svar	Fjöldi	%
Já	304	65
Nei	163	35
Alls	467	100



Niðurstaða: 304 (65%) gagnakerfi eru venslaðir gagnagrunnar. Rafræn varðveisla gagna úr vensluðum gagnagrunni getur verið talsvert flókin og fer það einkum eftir fjölda taflna og venslum á milli þeirra. Þær reglur sem nú eru í undirbúningi byggja á því að gögn séu geymd kerfisóháð. Til þess að varðveisla gagna úr vensluðum gagnagrunnum sé möguleg þurfa lýsingar á gögnum og skyldleika þeirra að vera góðar og skilvíslega tilgreindar við afhendingu til Þjóðskjalasafns. Það verða því upplýsingar úr gagnagrunnum og upplýsingar um þær, en ekki eiginlegir gagnagrunnar sem verða teknir til langtímavörslu. Líklegt er að í mörgum tilvikum sé einungis gerlegt og skynsamlegt að varðveita hluta upplýsinga úr gagnagrunnum.

4.12. eru viðkvæmar persónuupplýsingar í kerfinu?


Svar	Fjöldi	%
Já	249	48
Nei	272	52
Alls	521	100



Niðurstaða: Rétt innan við helmingur kerfanna inniheldur viðkvæmar persónuupplýsingar. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar og varða gjarnan réttindi þegnanna. Aðgangur að gögnum úr slíkum kerfum er takmarkaður á grundvelli upplýsingalaga og laga um persónuvernd, og þarf að taka mið af því þegar metið er hvað skal varðveita og síðar þegar hugsanlega kemur að því að veita aðgang að þeim upplýsingum í skjalasafninu.

4.13. Er gögnum eytt úr kerfinu?

Svar	Fjöldi	%
Vikulega eða oft	6	1
Mánaðarlega eða oft	9	2
Árlega eða oft	42	8
Á fimm ára fresti eða oft	19	4
Sjaldnar en á fimm ára fresti	49	10
Aldrei	385	75
Alls	510	100




Niðurstaða: Gögnum er aldrei eytt úr 385 gagnakerfum eða í 75% þeirra sem nefnd eru. Í 25% tilvika er gögnum eytt á ólíkum fresti. Ákvarðanir um hversu oft skuli afhenda gögn

til Þjóðskjalasafns munu m.a. þurfa að taka mið af hversu oft upplýsingum er eytt eða breytt. Sömu reglur og skilyrði gilda um eyðingu rafræna gagna og eiga við um pappírsskjöl. Sjá einnig svar við spurningu 4.3. þar sem spurt er um hvenær skráning gagna hófst.

4.14. Er rétt að varðveita upplýsingar í kerfinu til langframa?


Svar	Fjöldi	%
Já	440	87
Nei	67	13
Alls	507	100



Niðurstaða: Forvitnilegt er að sjá að stofnanir telja rétt að varðveita til langframa upplýsingar úr nær öllum (87%) gagnkerfum sem þau halda. Það er gagnlegt og fróðlegt til samanburðar við svör úr öðrum spurningum, t.d. svör við spurningunum: *byggir skráningin á lögum eða reglugerð?* (4.2) og *eru viðkvæmar persónuupplýsingar í kerfinu?* (4.12). Samkvæmt lögum er það að endingu í höndum stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns að ákveða hvaða gögn eru varðveitt til langframa.

4.15. Eru myndir/skannað efni í kerfinu?

Svar	Fjöldi	%
Já	122	24
Nei	387	76
Alls	509	100



Niðurstaða: Myndir eru vistaðar í fjórðungi gagnakerfa. Hér er spurt til að fá hugmynd um gagnamagn í kerfunum en myndir eru fyrirferðamikil rafræn gögn. Auk fyrirferðar mynda þarf sérstaklega að huga að sniði þeirra og lýsigögnum um þær í gagnakerfunum.

4.16 Hver er fjöldi færslna í kerfinu?

Fjöldi Færslna	Fjöldi grunna	%
0-10.000	144	53
10.001-100.000	60	22
100.001-1.000.000	41	15
1.000.001-10.000.000	19	7
10.000.001-100.000.000	6	2
> 100.000.000	2	1

Niðurstaða: Fjöldi færslna var tilgreindur fyrir 272 gagnagrunna (50%). Spurt var til að fá hugmynd um stærð gagnakerfanna og reynist hún afar mismunandi eða frá örfáum færslum upp í nærri 1 milljarð. Langflestir grunnar höfðu færri færslur en 10.000, alls 144 eða um helmingur. Af þeim eru 24 grunnar sem eru með 100 færslur eða minna. Nítján grunnar voru með færslur á bilinu 1-10 milljónir, sex telja færslur í tugum milljóna. Ríkisbókhald er með tvo stærstu gagnagrunnana, innheimtuskilakerfi ríkisins með 165.000.000 færslum og tekjubókhaldskerfi ríkisins 900.000.000 færslum.

C. Samantekt

Um 60% stofnana, embætta og fyrirtækja ríkisins hafa rafræna gagnagrunna (gagnakerfi) í tengslum við meginstarfsemi sína. Alls eru það 572 gagnagrunnar. Líklegt er að þeir séu í raun fleiri. 65% grunnanna eru venslaðir grunnar. Þeim mun flóknari sem grunnarnir eru, þ.e. þeim mun fleiri töflur sem í þeim eru og fjölbreytt vensl eru á milli taflna, þeim mun flóknara verk er að taka gögn úr þeim til langtímavörslu. Það stafar einkum af því að það eru gögnin úr þeim og upplýsingar um þau og vensl milli gagna sem eru varðveitt en ekki forritið sem notað er til að vinna með upplýsingarnar. Þetta þýðir með öðrum orðum að gögnin eru geymd kerfisóháð og það hefur í för með sér að ekki verður hægt að vinna með gögn á nákvæmlega sama hátt og hægt var í hinum upprunalega gagnagrunni. Þetta seinni tíma aðgengi er vandamál sem leysa verður síðar og mun taka mið af þeirri tækni sem þá verður.

Danir hafa í sumum tilvikum varðveitt hluta gagnagrunna, þ.e. valið úr mikilvægustu upplýsingarnar og varðveitt þær og lýsigögnin (upplýsingar um upplýsingarnar) sem lýsa tilurð og samhengi upplýsinganna. Þá er yfirleitt verið að sleppa töflum með kerfisupplýsingum (t.d. logtöflur). Líklegt er að hér á landi verði fýsilegt að beita sömu aðferð í einhverjum mæli. Það er því fyrirfram ljóst að einhverjar upplýsingar glatast við flutning gagna úr flóknu, virku gagnakerfi yfir í vörslueintak Þjóðskjalasafns. Rétt er að hafa þetta í huga við hönnun og forritun opinberra gagnagrunna. Grundvallaratriði er að öll lýsigögn séu sem best skilgreind og útfyllt við innsetningu gagna og í daglegri notkun gagnagrunna.

Um 60% gagnagrunnanna eru samnýttir og ætti það að einfalda úttektir á kerfum og vinnu við afhendingu gagna úr þeim til Þjóðskjalasafns. Að vísu er óvíst hvort kerfin eru notuð með samræmdum hætti og gæti það skapað vanda við gerð varðveislueintaks handa Þjóðskjalasafni. Sérhver skjalamyndari (embætti, stofnun, fyrirtæki) ber ábyrgð á sinni

skjalavörslu og afhendingu gagna til Þjóðskjalasafns. Ef gögn verða tekin úr sameiginlegum gagnageymslum þarf að fá samþykki skjalamyndara á þeirri aðferð við afhendingu gagna.

Skráning um 70% gagnagrunna byggir á lögum eða reglugerðum og eykur það líkindi þess að upplýsingarnar séu mikilvægar og því þurfi að varðveita gögn úr þeim til frambúðar. Líklegra er að upplýsingar úr þeim þriðjungi grunna, sem ekki byggir á lögum eða reglum, verði síður geymdar til frambúðar. Í nýjum reglum Þjóðskjalasafns um rafræn gagnakerfi ríkisins verður skylt að tilkynna safninu um þá gagnagrunna sem í notkun eru með stuttri lýsingu á skipan þeirra og eðli.

Það er jákvætt með tilliti til spurningarinnar um langtímarvarðveislu að gögnum er einungis eytt úr 25% opinberra gagnagrunna miðað við þá svörun sem liggur fyrir. Í þessum tilvikum þarf að meta hvort og hve oft grunnarnir eru teknir til varðveislu. Ef til vill þarf að taka gögn árlega úr sumum en tíðari skil eru óraunhæf. Gögnum er ekki eytt í 75% grunna og má hugsa sér að þeir séu teknir til skila á 3-5 ára fresti.

Könnunin leiðir í ljós nokkur dæmi þess að til eru rafræn gagnakerfi sem ekki eru lengur hluti virkra gagnakerfa. Óvíst er að það svari kostnaði að taka gögn til langtímarvarðveislu úr þessum eldri gagnagrunnum. Þetta þarf þó að meta í hverju tilviki fyrir sig. Það getur verið fýsilegt með tilliti til síðari tíma notkunar að varðveita upplýsingarnar rafrænt enda erfitt og oft ógerlegt að prenta gögn út úr gagnagrunni með merkingarbærum hætti. Það fer svo auðvitað eftir eðli upplýsinganna hvort þær séu varðveittar eða ekki.

Enginn vafi er á því að gagnakerfum mun fjölga og þau verða flóknari og umfangsmeiri enda samnýting gagna og gagnavistunar að verða auðveldari. Ljóst er að stjórnvöld stefna í átt að meiri sjálfvirkni í samkiptum við borgarana og í því sambandi er ástæða til að minna á skyldu stjórnvalda að skrá ákvarðanir sínar og meðferð mála. Gagnakerfi nútímans verða að gera slíkt mögulegt.

Af framansögðu liggur fyrir að mat á upplýsingum í gagnakerfum og móttaka upplýsinga úr þeim verður snar þáttur í nýrri starfsemi Þjóðskjalasafns við vörslu rafrænna gagna.

5. Almennar spurningar


A. Inngangur

Markmiðið með spurningum þessa hluta var að fá yfirlit yfir skjalavörslu stofnana, fyrirtækja og embætta ríkisins svo hægt sé að meta hvernig skjalavörslu er almennt háttað hjá skilakyldum aðilum.

B. Spurningar, svör og helstu niðurstöður

5.1. Ber einhver starfsmaður daglega ábyrgð á skjalasafninu annar en forstöðumaður?


Svar	Fjöldi	%
Já	148	65
Nei	81	35
Alls	229	100



Niðurstöður: Alls svöruðu 229 af 254 svarendum þessari spurningu. Hjá 148 (65%) þeirra ber sérstakur starfsmaður ábyrgð á skjalasafninu auk forstöðumanns og er það sú skipan sem æskilegust er að jafnaði. Þetta er nokkurn veginn sama hlutfall og fjöldi þeirra sem skrá upplýsingar um skjöl (62%, sbr. spurningu 1.1.). Það er þó bagalegt að hjá rúmlega þriðjungi svarenda er enginn annar en forstöðumaður sem ber daglega ábyrgð á skjalasafni viðkomandi aðila. Þar sem svo er háttað eru líkur á að þessum málaflokkki sé ekki sinnt nægjanlega. Í hópi þessara stofnana eru 30 sem engu að síður skrá skjöl. Þetta eru bæði stórar og litlar stofnanir, þar á meðal nokkrir framhaldsskólar.

5.2. eru til skráðar almennar leiðbeiningar handa starfsmönnum um skjalavörslu?

Svar	Fjöldi	%
Já	85	38
Nei	137	62
Alls	222	100



Niðurstöður: Meirihluti svarenda eða 137 (62%) kváðust ekki hafa skráðar leiðbeiningar um skjalavörslu handa starfsmönnum. Það verður að teljast neikvætt að ekki séu til leiðbeiningar sem ná til allra skjalaflokka. Nauðsynlegt er að slíkar leiðbeiningar verði samdar í hverri stofnun, á grundvelli þeirra leiðbeiningarita sem Þjóðskjalasafn hefur gefið út. Þegar rýnt er í svörin kemur í ljós að 66 aðilar af þeim 85, sem hafa skráðar leiðbeiningar um skjalavörslu, eru með rafræn skjalavörslukerfi. Þetta styður fyrri ályktun um að rafræn skjalavörslukerfi ýti undir skipulegri vinnubrögð.


5.3. Hve margir starfa sérstaklega við skjalavörsluna? Tilgreinið stöðugildi?

Stöðugildi	Stofnanir/fjöldi
0	72
0,1-0,9	16
1	57
1,1.-1,9	10
2	19
2+	26
Svör alls	200

Niðurstöður: Spurt var til að fá yfirlit yfir hvernig skjalavörslu er sinnt í opinberum stofnunum. Af þeim 200 sem svöruðu höfðu 112 aðilar (56%) 1 starfsmann eða fleiri (í stöðugildum talið) sem sérstaklega störfuðu við skjalavörslu. Hjá 72 (36%) er engu stöðugildi varið sérstaklega til þessa starfs. Það þýðir þó ekki að skjalavörslu hafi í engu verið sinnt, því t.d. eru 17 af þessum 72 með starfsfólk sem vinnur við skráningu í skjalakerfi auk annarra starfa.

5.4. Er til áætlun um skjalavörslu þar sem fram koma upplýsingar um meðferð skjala frá því að þau berast eða verða til og þar til þau eru afhent Þjóðskjalasafni?


Svar	Fjöldi	%
Já	46	21
Nei	175	79
Alls	221	100



Niðurstöður: Aðeins 46 af 221 (21%) hafa slíka áætlun en 175 eða 79% hafa hana ekki. Skjalavistunaráætlun er grundvallaratriði í skipulegri skjalavörslu. Af svörunum verður að draga þá ályktun að þorri skjalamyndara ríkisins þurfi að styrkja skjalavörslu sína með því að gera áætlun sem náí til allra skjalaflokka.

5.5. Er til geymsla sem eingöngu er ætluð til geymslu skjala?

Svar	Fjöldi	%
Já	162	73
Nei	61	27
Alls	223	100



Niðurstöður: Svörun við þessari spurningu gefur nokkuð jákvæða mynd af skjalavörslu því það verður að teljast mjög af hinu góða að meirihluti svarenda, eða 73%, kveðst hafa sérstaka geymslu undir skjöl. Þess ber þó að gæta að svarið segir ekki endilega alla söguna um ástand á varðveislu skjala hjá viðkomandi aðila þar sem skjalageymslur verða að uppfylla ákveðin skilyrði, t.d. hvað snertir hita, raka og aðgengi, til að teljast viðunandi geymslur.

5.6. Hve margir hillumetrar af pappírsskjölum er nú í skjalageymslum?

Niðurstöður: Þessi spurning og sú næsta eru til að meta magn skilaskyldra skjala sem væntanlegt er á Þjóðskjalasafn á næstu árum og áratugum. Alls eru tæpir 29 hillukílómetrar af pappírsskjölum í skjalageymslum þeirra 217 aðila sem svara þessari spurningu. Nú eru skjalamyndarar ríkisins miklu fleiri (um 950). Ljóst er því að útistandandi eru mun fleiri hillukílómetrar en hér kemur fram.


5.7. Frá hvaða árabili eru pappírsgögnin sem spurt er um í spurningunni hérna á undan?

Niðurstöður: Svörin sýna að elstu gögnin eru frá aldamótunum 1900. Um 11 hillukílómetrar skjala eru 30 ára og eldri og því skilaskyld. Um nokkurt skeið hefur Þjóðskjalasafn ekki treyst sér til þess að taka við skjalaafhengingum vegna skorts á húsrými.

Hillumetrar			
	Gögn 30 ára og eldri	Gögn yngri en 30 ára	Alls
Vantar pláss	7.446	7.292	14.738
Nóg pláss	3.550	10.581	14.131
Alls	10.996	17.873	28.869

5.8. Er þörf á að skila pappírsgögnum til Þjóðskjalasafns vegna plássleysis?

Svar	Fjöldi	%
Já	88	41
Nei	129	59
Alls	217	100




Niðurstöður: Af svörum er ljóst að mikil þörf er á að afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns vegna plássleysis í stofnunum. Alls 88 stofnanir (41%), af 217 sem svöruðu, þurfa að skila skjölum á Þjóðskjalasafn af þessum ástæðum og eru skjalasöfn þeirra nærri 15 hillukílómetrar, sbr. töflu í 5.7. Hinar stofnanirnar 113 (59%) eru því samkvæmt þessu ekki í vandræðum vegna plássleysis.

Samtals eru um 28.810 hillumetrar af skjölum í skjalageymslum þeirra 217 stofnana sem svara (2004), auk þess magns sem liggur í skjalageymslum þeirra sem ekki svöruðu könnuninni eða voru ekki í úrtakinu. Þessu skjalamagni mun verða skilað til Þjóðskjalasafns á næstu þremur áratugum. Til samanburðar má geta þess að árið 2004 eru rúmlega 33 hillukílómetrar af skjölum varðveittir í Þjóðskjalasafni. Skjalaforði Þjóðskjalasafns mun því a.m.k. tvöfaldast á næstu 30 árum.

5.9. Eru til skipulega varðveitt rafræn gögn, önnur en afrit (backup), sem hvorki eru prentuð á pappír né eru í núverandi tölvukerfum?

Svar	Fjöldi	%
Já	59	28
Nei	154	72
Alls	213	100



Niðurstöður: Markmiðið með þessari spurningu var að kanna hvernig háttáð er varðveislu rafrænna gagna sem ekki eru lengur í notkun og hafa verið lögð til hliðar, áður fyrr oft á segulböndum. 59 aðilar (28%) segjast varðveita slík gögn. Talsverð hættu er á að þessi gögn glatist, m.a. vegna skorts á upplýsingum um þau og að snið þeirra sé ekki lengur notað. Ef varðveita á gögnin til langframa er afar líklegt að það verði kostnaðarsamt fyrir viðkomandi stofnun að búa til afhendingarbærar útgáfur handa Þjóðskjalasafni.

C. Samantekt

Af svörum í þessum hluta könnunarinnar sést að þrátt fyrir að af þeim megi ráða að í meirihluta allra stofnana beri tiltekin starfsmaður eða starfsmenn ábyrgð á skjalasafninu þá verður einnig að draga þá ályktun af svörunum að mikið verk sé óunnið. Er hér einkum verið að vísa til svara við spurningu 5.2. og 5.3. Í spurningu 5.2. kemur fram að meirihluti þeirra sem svöruðu, eða 62%, kváðust ekki hafa skráðar leiðbeiningar um skjalavörslu handa starfsmönnum. Slæmt er að ekki séu til leiðbeiningar sem ná til allra skjalaflokka. Mikilvægt er að slíkar leiðbeiningar verði samdar í hverri stofnun, á grundvelli þeirra leiðbeiningarita sem Þjóðskjalasafn hefur gefið út.

Svör við spurningu 5.3. um hvort til sé, innan viðkomandi stofnunar, áætlun um skjalavörslu, þar sem fram koma upplýsingar um meðferð skjala frá því að þau berast eða verða til og þar til þau eru afhent Þjóðskjalasafni, sýna að úrbóta er þörf. Af 221 aðila sögðu aðeins 46 (21%) að slík skjalavistunaráætlun væri til en 175 eða 79% svöruðu neitandi.

Einnig er ljóst að rafræn gögn hafa safnast upp í stofnunum á síðastliðnum árum og áratugum. Gera verður ráð fyrir að ekki verði hægt að varðveita nema brot af þeim gögnum í rafrænu formi á Þjóðskjalasafni, þegar kemur að því að safnið tekur upp langtíma varðveislu rafrænna gagna.

Þá er ljóst að mikið magn pappírgagna bíður þess að verða afhent Þjóðskjalasafni nú þegar og á næstu áratugum. Víða er þörfin brýn vegna plássleysis og gildir það um hátt í hundrað stofnanir, og eru skjalasöfn þeirra nærri fimmtán hillukílómetrar. 113 stofnanir (59%) sögðust enn hafa pláss í geymslum sínum en hins vegar breytir það ekki þeirri staðreynd að þar liggja skjöl sem komin eru á skilaskyldu sökum aldurs þeirra, og ætti því að afhenda Þjóðskjalasafni nú þegar. Svörin sýna að tæplega 30 hillukílómetrar af skjölum eru í skjalageymslum skilaskyldra stofnana árið 2004. Við þeim þarf Þjóðskjalasafn að taka til varðveislu næstu þrjátíu árin. Auk þess er vitað um mikið magn skjala sem bíður afhendingar til Þjóðskjalasafns og er í vörslu aðila sem könnunin náði ekki til.

Mikilvægt er að þeir 11 af ofangreindum 30 hillukílómetrum sem orðnir eru skilaskyldir berist Þjóðskjalasafni svo hægt verði að veita almenningi og fræðimönnum aðgang að þeim skjölum eins og réttur þeirra stendur til.

6. Athugasemdir

Alls nýttu sér 100 aðilar af þeim sem svöruðu könnuninni dálkinn sem fylgdi henni og ætlaður var fyrir athugasemdir. Athugasemdir voru af margvíslegum toga. Í 74 tilvikum var um að ræða nánari skýringar á svörum viðkomandi aðila, 13 athugasemdir sneru að sjálfri könnuninni, t.d. um að spurningar áttu ekki við, að ekki væri hægt að svara játandi eða neitandi eða þá að spurningar voru ekki sendar réttum aðila. Í tveimur tilvikum var kvartað undan tæknilegum vanköntum á könnuninni. Mörg þessara svara eru gagnleg og nýtast Þjóðskjalasafni síðar.

Viðaukar

Viðauki 1. Heildarniðurstöður flokkaðar eftir ráðuneytum


Hér eru allar já/nei spurningar flokkaðar eftir því hvaða fagráðuneyti átti í hlut. Engar skýringar eða ályktanir er að finna í þessum hluta.

Sammstöfun	Ráðuneyti
For	Forsætisráðuneytið
Mrn	Menntamálaráðuneytið
Utn	Utanríkisráðuneytið
Lan	Landbúnaðarráðuneytið
Sjr	Sjávarútvegsráðuneytið
Dkm	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Fel	Félagsmálaráðuneytið
Htr	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Fjr	Fjármálaráðuneytið
Sam	Samgönguráðuneytið
Ivr	Iðnaðar- og Viðskiptaráðuneytið
Hag	Hagstofa Íslands
Umh	Umhverfissráðuneytið
Yst	Yfirstjórn. Alþingi og skilaskildir aðilar sem heyra beint þar undir, þ.e. Ríkisendurskoðun, Seðlabanki Íslands og Umboðsmaður Alþingis, ásamt Forseta Íslands.

1.0 Skráning skjala/bréfa og rafræn skjalavörslukerfi.


1.1 Eru skráðar upplýsingar um skjöl, hvort heldur pappírsskjöl eða rafræn skjöl?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	4	0	4
For	3	0	3
Mrn	25	36	61
Utn	19	0	19
Lan	6	1	7
Sjr	3	2	5
Dkm	29	10	39
Fel	11	3	14
Htr	20	31	51
Fjr	15	4	19
Sam	7	3	10
Ivr	12	0	12
Hag	1	0	1
Umh	7	1	8
Alls	162	91	253




1.2 Eru upplýsingar um skjöl skráðar á pappír?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	1	3	4
For	1	2	3
Mrn	9	51	60
Utn	9	10	19
Lan	2	5	7
Sjr	2	3	5
Dkm	19	20	39
Fel	8	6	14
Htr	12	36	48
Fjr	1	18	19
Sam	4	6	10
Ivr	5	6	11
Hag	0	1	1
Umh	1	7	8
Alls	74	174	248




1.3.0 Eru upplýsingar um skjöl skráðar í tölvukerfi/skjalavörslukerfi?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	4	0	4
For	2	1	3
Mrn	13	47	60
Utn	19	0	19
Lan	4	3	7
Sjr	3	1	4
Dkm	18	21	39
Fel	6	8	14
Htr	6	42	48
Fjr	15	4	19
Sam	6	4	10
Ivr	11	1	12
Hag	1	0	1
Umh	6	2	8
Alls	114	134	248




1.3.1 Eru bréf/skjöl jafnframt samin í kerfinu?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	1	3	4
For	1	1	2
Mrn	7	6	13
Utn	19	0	19
Lan	3	1	4
Sjr	3	0	3
Dkm	8	9	17
Fel	5	1	6
Htr	4	2	6
Fjr	12	2	14
Sam	5	1	6
Ivr	9	2	11
Hag	0	1	1
Umh	5	1	6
Alls	82	30	112




1.3.2 Er efni skannað inn í kerfið að hluta eða heild?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	2	2	4
For	1	1	2
Mrn	4	8	12
Utn	15	4	19
Lan	2	2	4
Sjr	3	0	3
Dkm	9	6	15
Fel	3	2	5
Htr	3	3	6
Fjr	6	8	14
Sam	4	2	6
Ivr	7	4	11
Hag	0	1	1
Umh	3	3	6
Alls	62	46	108




1.3.4 Er til handbók eða leiðbeiningar um notkun kerfisins?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	2	2	4
For	2	0	2
Mrn	7	6	13
Utn	17	2	19
Lan	3	1	4
Sjr	3	0	3
Dkm	9	6	15
Fel	5	1	6
Htr	2	4	6
Fjr	10	4	14
Sam	6	0	6
Ivr	9	2	11
Hag	0	1	1
Umh	6	0	6
Alls	81	29	110




1.3.5 Eru þær leiðbeiningar til prentaðar með einum eða öðrum hætti?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	1	4
For	2	0	2
Mrn	8	4	12
Utn	17	2	19
Lan	3	1	4
Sjr	3	0	3
Dkm	9	6	15
Fel	5	0	5
Htr	2	4	6
Fjr	9	5	14
Sam	6	0	6
Ivr	9	2	11
Hag	0	1	1
Umh	6	0	6
Alls	82	26	108



1.3.6 Eru þær leiðbeiningar aðgengilegar í kerfinu fyrir notendur?


Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	2	2	4
For	1	1	2
Mrn	4	8	12
Utn	15	4	19
Lan	2	2	4
Sjr	3	0	3
Dkm	9	6	15
Fel	3	2	5
Htr	3	3	6
Fjr	6	8	14
Sam	4	2	6
Ivr	7	4	11
Hag	0	1	1
Umh	3	3	6
Alls	62	46	108



2.0 Tölvupóstur


2.1 Er upplýsingar um tölvupóst skráðar í skjalavörslukerfi eða í tengslum við það?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	1	4
For	2	1	3
Mrn	10	51	61
Utn	18	1	19
Lan	3	4	7
Sjr	3	2	5
Dkm	9	28	37
Fel	5	9	14
Htr	6	43	49
Fjr	10	6	16
Sam	5	5	10
Ivr	9	3	12
Hag	0	1	1
Umh	6	2	8
Alls	89	157	246




2.2 Er tölvupóstur vistaður rafrænt í skjalavörslukerfi eða í tengslum við það?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	2	2	4
For	1	2	3
Mrn	13	48	61
Utn	18	0	18
Lan	3	4	7
Sjr	3	2	5
Dkm	13	24	37
Fel	5	9	14
Htr	4	45	49
Fjr	9	7	16
Sam	5	5	10
Ivr	11	1	12
Hag	0	1	1
Umh	6	2	8
Alls	93	152	245




2.3 Er upplýsingar um tölvupóst skráðar á pappír?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	0	4	4
For	1	2	3
Mrn	3	58	61
Utn	4	14	18
Lan	1	6	7
Sjr	0	5	5
Dkm	4	32	36
Fel	2	12	14
Htr	3	47	50
Fjr	2	14	16
Sam	1	9	10
Ivr	1	11	12
Hag	0	1	1
Umh	1	7	8
Alls	23	222	245




2.4 Er tölvupóstur prentaður á pappír og varðveittur þannig?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	1	3	4
For	3	0	3
Mrn	26	35	61
Utn	13	5	18
Lan	2	5	7
Sjr	3	2	5
Dkm	24	13	37
Fel	8	6	14
Htr	20	30	50
Fjr	7	9	16
Sam	2	8	10
Ivr	5	7	12
Hag	0	0	0
Umh	5	3	8
Alls	119	126	245




2.5 Er tölvupóstur varðveittur sem rafrænt skjal hjá viðkomandi starfsmanni?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	2	2	4
For	2	1	3
Mrn	45	15	60
Utn	11	6	17
Lan	6	1	7
Sjr	3	2	5
Dkm	15	21	36
Fel	9	5	14
Htr	38	11	49
Fjr	8	8	16
Sam	5	5	10
Ivr	5	7	12
Hag	0	0	0
Umh	2	6	8
Alls	151	90	241



2.6 Eru til skráðar reglur um meðferð og flokkun tölvupósts?


Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	2	2	4
For	2	1	3
Mrn	6	55	61
Utn	10	7	17
Lan	1	6	7
Sjr	1	4	5
Dkm	3	34	37
Fel	4	10	14
Htr	10	40	50
Fjr	5	11	16
Sam	4	6	10
Ivr	7	5	12
Hag	0	0	0
Umh	1	7	8
Alls	56	188	244



3.0 Bóhalds- og launakerfi


3.1 Er bókhald fært í bókhaldskerfi ríkisins?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	1	4
For	3	0	3
Mrn	49	11	60
Utn	18	1	19
Lan	4	3	7
Sjr	3	2	5
Dkm	35	2	37
Fel	12	2	14
Htr	36	13	49
Fjr	13	3	16
Sam	4	6	10
Ivr	6	6	12
Hag	1	0	1
Umh	6	2	8
Alls	193	52	245



3.2 Er notast við launakerfi ríkisins?


Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	2	1	3
For	3	0	3
Mrn	45	15	60
Utn	13	4	17
Lan	4	3	7
Sjr	3	1	4
Dkm	25	8	33
Fel	13	1	14
Htr	20	29	49
Fjr	14	2	16
Sam	3	7	10
Ivr	6	5	11
Hag	1	0	1
Umh	6	2	8
Alls	158	78	236



4.0 Önnur rafræn skráning og gagnavinnsla.


4.2 Byggir skráning á lögum/reglugerð?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	7	2	9
For	10	4	14
Mrn	68	49	117
Utn	8	7	15
Lan	15	6	21
Sjr	5	6	11
Dkm	90	18	108
Fel	17	9	26
Htr	75	9	84
Fjr	23	8	31
Sam	23	16	39
Ivr	20	17	37
Hag	0	0	0
Umh	10	13	23
Alls	371	164	535




4.3 Hófst skráning fyrir meira en 5 árum?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	5	4	9
For	10	4	14
Mrn	57	56	113
Utn	3	13	16
Lan	15	6	21
Sjr	11	0	11
Dkm	71	35	106
Fel	17	3	20
Htr	48	38	86
Fjr	25	6	31
Sam	24	14	38
Ivr	24	13	37
Hag	0	0	0
Umh	16	5	21
Alls	326	197	523




4.4 Notaðar stofnanir kerfið líka?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	6	9
For	12	2	14
Mrn	52	61	113
Utn	7	9	16
Lan	3	17	20
Sjr	4	7	11
Dkm	93	11	104
Fel	9	10	19
Htr	58	28	86
Fjr	27	4	31
Sam	17	23	40
Ivr	17	19	36
Hag	0	0	0
Umh	6	16	22
Alls	308	213	521




4.5 Er slegið inn eftir pappírsgögnum?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	6	9
For	10	4	14
Mrn	72	41	113
Utn	11	5	16
Lan	17	3	20
Sjr	10	1	11
Dkm	81	24	105
Fel	14	6	20
Htr	59	26	85
Fjr	25	6	31
Sam	26	11	37
Ivr	15	21	36
Hag	0	0	0
Umh	20	2	22
Alls	363	156	519




4.6 Er pappírsgögnum hent eftir innslátt?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	0	1	1
For	0	13	13
Mrn	13	85	98
Utn	3	13	16
Lan	2	16	18
Sjr	0	11	11
Dkm	5	98	103
Fel	3	16	19
Htr	6	76	82
Fjr	5	25	30
Sam	7	25	32
Ivr	2	23	25
Hag	0	0	0
Umh	2	20	22
Alls	48	422	470




4.7 Koma upplýsingar úr öðru kerfi?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	6	3	9
For	10	4	14
Mrn	37	75	112
Utn	5	11	16
Lan	7	13	20
Sjr	0	11	11
Dkm	76	29	105
Fel	11	9	20
Htr	22	64	86
Fjr	23	8	31
Sam	22	17	39
Ivr	13	23	36
Hag	0	0	0
Umh	9	13	22
Alls	241	280	521




4.8 Eru upplýsingarnar líka til á pappír?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	6	2	8
For	12	1	13
Mrn	63	46	109
Utn	8	8	16
Lan	12	7	19
Sjr	11	0	11
Dkm	89	15	104
Fel	10	6	16
Htr	60	23	83
Fjr	22	9	31
Sam	19	14	33
Ivr	22	14	36
Hag	0	0	0
Umh	14	8	22
Alls	348	153	501




4.9 Tekur kerfið við af eldra rafrænu kerfi?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	6	3	9
For	7	7	14
Mrn	43	70	113
Utn	3	13	16
Lan	8	12	20
Sjr	9	2	11
Dkm	29	76	105
Fel	4	14	18
Htr	41	45	86
Fjr	15	16	31
Sam	16	21	37
Ivr	12	25	37
Hag	0	0	0
Umh	3	18	21
Alls	196	322	518




4.10 Voru gögn úr eldra kerfi færð í það nýja?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	6	1	7
For	5	7	12
Mrn	39	69	108
Utn	2	13	15
Lan	8	9	17
Sjr	9	2	11
Dkm	26	71	97
Fel	3	12	15
Htr	28	58	86
Fjr	11	20	31
Sam	16	19	35
Ivr	14	20	34
Hag	0	0	0
Umh	5	16	21
Alls	172	317	489




4.11 Eru gögnin geymd í vensluðum gagnagrunni?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	8	1	9
For	3	10	13
Mrn	71	42	113
Utn	11	5	16
Lan	13	6	19
Sjr	11	0	11
Dkm	37	36	73
Fel	14	4	18
Htr	50	25	75
Fjr	19	6	25
Sam	31	5	36
Ivr	23	14	37
Hag	0	0	0
Umh	13	9	22
Alls	304	163	467




4.12 Eru viðkvæmar persónuupplýsingar í kerfinu?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	6	9
For	13	1	14
Mrn	31	83	114
Utn	6	10	16
Lan	7	13	20
Sjr	2	8	10
Dkm	69	36	105
Fel	14	4	18
Htr	67	19	86
Fjr	22	10	32
Sam	7	31	38
Ivr	6	31	37
Hag	0	0	0
Umh	2	20	22
Alls	249	272	521



4.13 Er gögnum eytt úr kerfinu?


Ráðuneyti	Aldrei	Já ¹⁷	Alls
Yst	7	2	9
For	12	2	14
Mrn	76	36	112
Utn	13	2	15
Lan	12	8	20
Sjr	11	0	11
Dkm	93	9	102
Fel	15	3	18
Htr	62	21	83
Fjr	19	11	30
Sam	23	14	37
Ivr	24	13	37
Hag	0	0	0
Umh	18	4	22
Alls	385	125	510



¹⁷ Möguleg svör voru: "Vikulega eða oftár", "Mánaðarlega eða oftár", "Árlega eða oftár" og "Á fimm ára fresti eða oftár" og "Sjaldnar en á fimm ára fresti". Til einföldunar eru möguleikar þessir felldir undir „Já“:


4.14 Er rétt að varðveita upplýsingar í kerfinu til langframa?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	8	1	9
For	12	2	14
Mrn	98	14	112
Utn	15	1	16
Lan	19	1	20
Sjr	11	0	11
Dkm	98	3	101
Fel	13	5	18
Htr	66	17	83
Fjr	26	2	28
Sam	31	6	37
Ivr	25	12	37
Hag	0	0	0
Umh	18	3	21
Alls	440	67	507



4.15 Eru myndir/skannað efni í kerfinu?


Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	0	9	9
For	244	7	251
Mrn	24	90	114
Utn	7	7	14
Lan	3	17	20
Sjr	3	8	11
Dkm	26	79	105
Fel	1	17	18
Htr	20	62	82
Fjr	7	21	28
Sam	10	25	35
Ivr	13	24	37
Hag	0	0	0
Umh	1	21	22
Alls	359	387	746



5.0 Almennar spurningar


5.1 Ber einhver starfsmaður daglega ábyrgð á skjalasafninu annar en forstöðumaður?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	1	4
For	3	0	3
Mrn	30	28	58
Utn	19	0	19
Lan	6	1	7
Sjr	3	1	4
Dkm	15	15	30
Fel	9	5	14
Htr	25	19	44
Fjr	11	4	15
Sam	6	4	10
Ivr	10	2	12
Hag	1	0	1
Umh	7	1	8
Alls	148	81	229




5.2 Eru til skráðar almennar leiðbeiningar handa starfsmönnum um skjalavörslu?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	4	0	4
For	2	1	3
Mrn	12	43	55
Utn	13	5	18
Lan	3	4	7
Sjr	2	2	4
Dkm	7	24	31
Fel	6	8	14
Htr	11	30	41
Fjr	7	8	15
Sam	4	6	10
Ivr	10	1	11
Hag	0	1	1
Umh	4	4	8
Alls	85	137	222




5.3 Er til áætlun um skjalavörslu þar sem fram koma upplýsingar um meðferð skjala frá því að þau berast eða verða til og þar til þau eru afhent Þjóðskjalasafni?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	1	3	4
For	2	1	3
Mrn	7	49	56
Utn	8	9	17
Lan	2	5	7
Sjr	2	2	4
Dkm	2	29	31
Fel	2	12	14
Htr	3	37	40
Fjr	7	8	15
Sam	4	6	10
Ivr	4	7	11
Hag	0	1	1
Umh	2	6	8
Alls	46	175	221




5.4 Er til geymsla sem eingöngu er ætluð til geymslu skjala?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	3	1	4
For	1	2	3
Mrn	31	25	56
Utn	11	7	18
Lan	5	2	7
Sjr	3	1	4
Dkm	27	4	31
Fel	11	3	14
Htr	32	9	41
Fjr	14	1	15
Sam	8	2	10
Ivr	9	2	11
Hag	1	0	1
Umh	6	2	8
Alls	162	61	223




5.5 Er þörf á að skila pappírsgögnum til Þjóðskjalasafns vegna plássleysis?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	1	3	4
For	2	1	3
Mrn	17	39	56
Utn	9	9	18
Lan	2	5	7
Sjr	3	1	4
Dkm	18	11	29
Fel	6	8	14
Htr	12	26	38
Fjr	7	7	14
Sam	5	5	10
Ivr	3	8	11
Hag	1	0	1
Umh	2	6	8
Alls	88	129	217



5.6 Eru til skipulega varðveitt rafræn gögn, önnur en afrit (backup), sem hvorki eru prentuð á pappír né eru í núverandi tölvukerfum?

Ráðuneyti	Já	Nei	Alls
Yst	0	3	3
For	2	1	3
Mrn	15	41	56
Utn	4	13	17
Lan	2	5	7
Sjr	2	2	4
Dkm	5	24	29
Fel	6	8	14
Htr	10	27	37
Fjr	4	9	13
Sam	2	8	10
Ivr	5	6	11
Hag	0	1	1
Umh	2	6	8
Alls	59	154	213



Viðauki 2. Listi yfir þá sem könnunin náði til

Þeir aðilar sem svöruðu spurningunum:

Aðfangaeftirlit	Framkvæmdasýsla ríkisins
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Garðyrkjuskóli ríkisins
Barnaverndarstofa	Geislavarnir ríkisins
Biskupsstofa	Hafrannsóknastofnunin
Blindrabókasafn Íslands	Hagstofa Íslands
Borgarholtsskóli	Hagþjónusta landbúnaðarins
Brunamálastofnun	Háskólaútgáfan
Bændasamtök Íslands	Háskóli Íslands
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Háskólinn á Akureyri
Einkaleyfastofan	Háskólinn í Reykjavík
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Endurvinnslan hf.	Heilbrigðisstofnun Austurlands
Fastanefnd Íslands hjá EFTA	Heilbrigðisstofnunin Akranesi
Fastanefnd Íslands hjá NATO	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
Fastanefnd Íslands hjá SP	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík
Fasteignamat ríkisins	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga
Ferðamálaráð	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ
Félagsmálaráðuneytið	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði
Fiskistofa	Heilbrigðisstofnunin Selfossi
Fjármálaeftirlitið	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði
Fjármálaráðuneytið	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum
Fjársýsla ríkisins	Heilsugæslan Árbæ
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	Heilsugæslan Efra-Breiðholti
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	Heilsugæslan í Reykjavík
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Heilsugæslan Kópavogi
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Heilsugæslan Miðbæ
Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	Heilsugæslan Mjódd
Fjölbrautaskólinn Ármúla	Heilsugæslustöðin Akureyri
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Heilsugæslustöðin Borgarnesi
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Heilsugæslustöðin Dalvík
Flensborgarskóli	Heilsugæslustöðin Garðabæ
Flugmálastjórn	Heilsugæslustöðin Grundarfirði
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði
Flugskóli Íslands hf.	Heilsugæslustöðin Hvammur
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	Heilsugæslustöðin Hveragerði
Fornleifavernd ríkisins	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli
Forseti Íslands	Heilsugæslustöðin Laugarási
Forsætisráðuneytið	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði
Framhaldsskólinn á Laugum	Heilsugæslustöðin Ólafsvík
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Heilsugæslustöðin Rangárþingi, Hellu
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal
	Heilsugæslustöðin Vopnafirði

Heilsuhæli NLFÍ, Hveragerði	Löggildingarstofa
Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	Lögregluskóli ríkisins
Héraðsdómur Austurlands	Málefni fatlaðra Austurlandi
Héraðsdómur Norðurlands eystra	Málefni fatlaðra Reykjanesi
Héraðsdómur Norðurlands vestra	Málefni fatlaðra Reykjavík
Héraðsdómur Reykjavíkur	Málefni fatlaðra Suðurlandi
Héraðsdómur Vestfjarða	Málefni fatlaðra Vestfjörðum
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir	Málefni fatlaðra Vesturlandi
Hjúkrunarheimilið Garðvangur, Garði	Menntamálaráðuneytið
Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	Menntaskólinn að Laugarvatni
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	Menntaskólinn á Akureyri
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð	Menntaskólinn á Egilsstöðum
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	Menntaskólinn á Ísafirði
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	Menntaskólinn í Kópavogi
Hjúkrunarheimilið Víðines, Kjalarnesi	Menntaskólinn í Reykjavík
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	Menntaskólinn við Hamrahlíð
Hæstiréttur	Menntaskólinn við Sund
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið	Námshagstofnun
Iðnskólinn Hafnarfirði	Námsháskólinn
Iðnskólinn í Reykjavík	Náttúrufræðistofnun Íslands
Iðntæknistofnun Íslands	Neyðarlínan hf.
Íbúðalánasjóður	Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Íslandspóstur hf.	Orðabók Háskólans
Íslensk málstöð	Orkuskipting
Íslenskar orkurannsóknir	Persónuvernd
Íslenski dansflokkurinn	Rafmagnsveitur ríkisins - RARIK
Jafnréttisstofa	Rannsóknamiðstöð Íslands
Kennaraháskóli Íslands	Rannsóknanevnið sjólysa
Kvennaskólinn í Reykjavík	Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum
Lagasafn	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Landbúnaðarráðuneytið	Rannsóknþjónusta Háskólans
Landgræðsla ríkisins	Ríkisendurskoðun
Landlæknisembættið	Ríkiskaup
Landmælingar Íslands	Ríkislögmaður
Landsbókasafn Ísl. - Háskólabókasafn	Ríkislögreglustjóri
Landskerfi bókasafna hf.	Ríkissaksóknari
Landssími Íslands hf.	Ríkissáttasemjari
Landsvirkjun	Ríkisskattstjóri
Lánasjóður íslenskra námsmanna	Ríkisútvarpið
Listaháskóli Íslands	Samgönguráðuneytið
Listasafn Einars Jónssonar	Samtök iðnaðarins
Listasafn Íslands	SÁÁ
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga og starfsmanna ríkisins	Seðlabanki Íslands
Lyfjastofnun	Sendiráð Íslands í Brussel og ESB
Lýðheilsustöð	Sendiráð Íslands í Helsinki
	Sendiráð Íslands í London

Sendiráð Íslands í Moskvu	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sendiráð Íslands í Osló	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sendiráð Íslands í Ottawa	Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sendiráð Íslands í París og fastanefndir	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sendiráð Íslands í Peking	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sendiráð Íslands í Tókíó	Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá ÖSE	Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sendiráð Íslands í Washington	Sýslumaðurinn í Búðardal
Siðfræðistofnun	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Siglingastofnun Íslands	Sýslumaðurinn í Keflavík
Sinfóníuhljómsveit Íslands	Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sjávarútvegsráðuneytið	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal
Skattstofa Austurlands Egilsstöðum	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
Skattstofa Norðurlands eystra Akureyri	Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum
Skattstofa Norðurlands vestra Siglufirði	Tollstjórinn í Reykjavík
Skattstofa Reykjaness	Tónskóli Þjóðkirkjunnar
Skattstofa Suðurlands Hellu	Tækniháskóli Íslands
Skattstofa Vestfjarða Ísafirði	Umboðsmaður Alþingis
Skattstofan í Reykjavík	Umboðsmaður barna
Skálholtsskóli	Umferðarráð
Skipulagsstofnun	Umferðarstofa
Skrifstofa rannsóknast. Atvinnuveganna	Umhverfissráðuneytið
Stofnun Sigurðar Nordals	Utanríkisráðuneytið
St. Jósefsspítali	Útlendingastofnun
St. Franciskusspítali	Veðurstofa Íslands
Stjórnartíðindi/Lögbirtingablað	Vegagerðin
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	Veiðimálastofnun
Styrktarfélag vangefinna	Verðlagsstofa skiptaverðs
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Verkmenntaskólinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Akranesi	Vélskóli Íslands
Sýslumaðurinn á Akureyri	Viðskiptaháskólinn Bifröst
Sýslumaðurinn á Blönduósi	Vinnueftirlit ríkisins
Sýslumaðurinn á Hólmavík	Vinumálastofnun
Sýslumaðurinn á Húsavík	Yfirskattanefnd
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	Þjóðminjasafn Íslands
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	Þjóðskjalasafn Íslands
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Þróunarsamvinnustofnun Íslands
	Örnefnastofnun Íslands

Þeir aðilar sem svöruðu ekki spurningunum:

Alþingi	Hjúkrunarheimilið Skjólgarður, Höfn
Alþjóðamálastofnun og rannsóknasetur um smáríki	Hjúkrunarheimilið Sundabúð II, Vopnafirði
Byggðastofnun	Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi
Fangelsið Litla-Hrauni	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
Fangelsismálastofnun ríkisins	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	Kennarasamband Íslands
Fasteignir ríkissjóðs	Kjaradómur
Félagsdómur	Kvikmyndamiðstöð Íslands
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
Framhaldsskólinn á Húsavík	Landhelgisgæsla Íslands
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Landspítali - háskólasjúkrahús
Happdrætti Háskóla Íslands	Lánasýsla ríkisins
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Leikmannaskóli þjóðkirkjunnar
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Listasafn H.Í.
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	Listdansskólinn
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	Læknavaktin
Heilsugæslan Efstaleiti	Lögreglustjórinn í Reykjavík
Heilsugæslan Grafarvogi	Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn
Heilsugæslan Hlíðum	Norræna eldfjallamiðstöðin
Heilsugæslan Lágmúla	Norræna húsið
Heilsugæslan og sjúkrahúsið Egilsstöðum	Póst- og fjarskiptastofnun
Heilsugæslustöðin Borgir	Rannsókn- og fræðasetur í Vestmannaeyjum
Heilsugæslustöðin Búðardal	Rannsóknanefnd flugslysa
Heilsugæslustöðin Djúpavogi	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
Heilsugæslustöðin Eskifirði	Rannsóknastofnun landbúnaðarins
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	Ratsjárstofnun
Heilsugæslustöðin Húsavík	Reiknistofnun
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	Reykjalundur, Mosfellsbæ
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	Samkeppnisstofnun
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	Sendiráð Íslands í Berlín
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn
Heilsugæslustöðin Þórshöfn	Sendiráð Íslands í Mapútó
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	Sjónstöð Íslands
Héraðsdómur Reykjaness	Sjúkrahúsið Seyðisfirði
Héraðsdómur Suðurlands	Skattstofa Vestmannaeyja
Héraðsdómur Vesturlands	Skattstofa Vesturlands Akranesi
Hjúkrunarheimilið Eir	Skógrækt ríkisins
Hjúkrunarheimilið Hlaðgerðarkoti	Sólvangur, hjúkrunarheimili, Hafnarfirði
Hjúkrunarheimilið Holtsbúð, Garðabæ	Stofnun Árna Magnússonar
Hjúkrunarheimilið Sjálfsbjargar	Sýslumaður Snæfellinga
Hjúkrunarheimilið Skjól, Reykjavík	Sýslumaðurinn á Eskifirði
	Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ
Tóbaksvarnir
Tónlistarskólinn í Reykjavík
Tryggingastofnun ríkisins
Umhverfisstofnun
Veiðimálastjóri
Verðbréfaskráning Íslands hf.
Verkmenntaskóli Austurlands
Verslunarskóli Íslands
Vistheimilið Bjarg
Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum
Yfirdýralæknir
Þjóðleikhúsið
Þjóðmenningarhúsið

Viðauki 3. Send bréf



Reykjavík 12. maí 2004

Til stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja ríkisins

Þjóðskjalasafn Íslands hleypir nú af stokkunum könnun á umfangi og eðli rafrænnar skjalavörslu og annarrar rafrænnar gagnavinnslu hjá opinberum aðilum. Jafnframt er leitað svara við nokkrum almennum spurningum viðvíkjandi skjalavörslu.

Könnunin er gerð til þess að meta eðli og áætla magn þeirra rafrænu gagna sem til greina kemur að varðveita til frambúðar. Upplýsingarnar verða notaðar til þess að meta í heild stöðu þeirra mála sem um er spurt. En auk þess verður lagt mat á einstaka þætti. Á þessum grundvelli verður því hægt að sjá á hvað beri að leggja áherslu í samskiptum við skilaaðila og í fræðslu um skjalavörslu.

Að varðveita rafræn skjöl til framtíðarnota er nýtt viðfangsefni skjalasafna um heim allan. Þjóðskjalasafn Íslands undirbýr nú reglur um rafræna skjalavörslu opinberra aðila og jafnframt reglur um hvernig afhenda ber til safnsins rafræn gögn til langtímavarðveislu enda er stjórnvöldum nú heimilt að viðhafa rafræna meðferð máls eftir breytingu á stjórnsýslulögum á síðasta ári.

Samkvæmt lögum nr. 66/1985 hefur Þjóðskjalasafn Íslands það hlutverk að taka við og varðveita skjalasöfn allra opinberra aðila. Þá hefur Þjóðskjalasafn það hlutverk að setja reglur um skjalavörslu opinberra aðila og leiðbeina þeim almennt á því sviði. Samkvæmt lögnum tekur Þjóðskjalasafn við skjölum til langtímavörslu frá skilaaðilum þegar þau verða þrjátíu ára gömul. Með langtímavörslu skjala er verið að tryggja réttindi þegna og stjórnvalda og varðveislu heimilda um sögu þjóðarinnar. Nýjar reglur munu fela í sér tíðari skil á rafrænum gögnum en nú gildir um pappírsgögn.

Hér með fer ég þess á leit að greitt verði fyrir því að umræddri könnun verði svarað fyrir 28. maí nk. Frekari skýringar eru á meðfylgjandi blaði.

Með alúðarkveðju,

Ólafur Ásgeirsson
Þjóðskjalavörður



Þjóðskjalasafn Íslands

Reykjavík, 12. maí 2004

Könnun Þjóðskjalasafns á rafrænni gagnavinnslu ríkisstofnana

Þjóðskjalasafn Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 66/1985 það hlutverk að taka við og varðveita skjöl opinberra aðila. Nú er safnið að undirbúa reglur um rafræna skjalavörslu og reglur um skil á rafrænum gögnum til safnsins.

Könnunin er gerð til þess að meta eðli og áætla magn rafrænna gagna hjá opinberum aðilum sem eru skilaskyldir til Þjóðskjalasafns. Góð svörun mun því auðvelda safninu að meta umfang þeirra rafrænu gagna sem til greina kemur að varðveita til frambúðar. Og gerir starfsmönnum safnsins jafnframt betur kleift að skipuleggja fræðslu og ráðgjöf um skjalavörslu.

Könnunin verður rafræn og annast IMG Gallup gagnaöflunina en að henni lokinni verða niðurstöður sendar Þjóðskjalasafni en upplýsingunum eytt hjá Gallup.


Gallup sendir hverjum svaranda einkvæma slóð að könnuninni. Sent er á netfang forstöðumanns en á netfang stofnunar ef netfang forstöðumanns er ekki vitað. Hægt er að svara spurningunum í fleiri en einni atrennu með því að fara aftur inn á slóðina. Svör vistast þegar farið er í næstu spurningu.


Við leggjum áherslu á að lokaskil verði fyrir 28. maí.

Baldur Már Bragason tölvunarfræðingur (s. 590 3341) og Pétur G. Kristjánsson skjalavörður (s. 590 3321) veita nánari upplýsingar og skýringar ef þörf krefur.

Við vonum að greiðlega gangi að svara spurningunum. Svörin eru starfsmönnum Þjóðskjalasafns afar mikilvæg við að skipuleggja nýja starfsemi safnsins.

Með bestu kveðjum,


Eiríkur G. Guðmundsson
sviðstjóri upplýsingasviðs


Kristjana Kristinsdóttir
sviðsstjóri skjalavörslusviðs



Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162 • 105 Reykjavík
www.skjalasafn.is • skjalasafn@skjalasafn.is